



ÁRSSKÝRSLA Hulduheima 2014-2015

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	1
1. INNGANGUR	2
2. ALMENNAR UPPLÝSINGAR	2
2.1. <i>Hulduheimar</i>	2
2.2. <i>Skipurit Hulduheima</i>	3
2.3. <i>Mötuneyti</i>	4
2.4. <i>Breytingar</i>	4
3. BÖRN	5
3.1. <i>Fjöldi barna</i>	5
3.2. <i>Nýting skólatíma</i>	5
4. STARFSMENN	6
4.1. <i>Stöðugildi Kot</i>	6
4.1. <i>Stöðugildi Sel</i>	6
4.2. <i>Veikinda- og barneignaleyfi</i>	7
4.3. <i>Áherslur í starfsmannamálum og fundir</i>	8
5. STEFNA – HUGMYNDAFRÆÐI – SKÓLANÁMSKRÁ	11
5.1. <i>Stefna leikskólans</i>	11
5.2. <i>Sérstakar áherslur í starfinu</i>	15
6. LEIKSKÓLASTARFIÐ	16
6.1. <i>Starfið síðasta skólaár</i>	16
6.3. <i>Þróunar- og nýbreytnistarf</i>	27
6.4. <i>Skipulags- og námskeiðsdagar</i>	27
6.5. <i>Endur- og símenntun</i>	28
6.6. <i>Ferðir, menningarviðburðir árið 2012 – 2013</i>	29
6.7. <i>Öryggismál</i>	35
7. FORELDRASAMSTARF	35
7.1. <i>Foreldraráð</i>	35
7.2. <i>Foreldrafélag</i>	36
7.3. <i>Foreldrafundir</i>	36
7.4. <i>Foreldrasamtöl – upplýsingastreymi</i>	36
8. SAMSTARF, FRÆÐSLA, RÁÐGJÖF	36
8.1. <i>Skóladeild – leikskólafulltrúi – leikskólaráðgjafi</i>	36
8.2. <i>Sérfræðipjónusta leikskólans</i>	37
8.3. <i>Samstarf við menntastofnanir og aðra</i>	37
8.4. <i>Samstarf við grunnskóla</i>	37
8.5. <i>Annað samstarf, fræðsla eða ráðgjöf</i>	38
9. MAT OG UMBÓTA- EÐA ÞRÓUNARSTARF	38
9.1. <i>Innra mat</i>	38
9.2. <i>Ytra mat</i>	39
10. LOKAORÐ	39
FYLGISKJÖL	40

1. Inngangur

Í ársskýrslu er leitast við að tíunda það helsta sem gerst hefur starfsárið 2014 – 2015. Alltaf er matsatriði hversu nákvæmlega á að fjalla um einstaka þætti í starfinu. Til að saga skólans glatist ekki, er nauðsynlegt að ársskýrslur séu nokkuð nákvæmar og þeim haldið til haga.

2. Almennar upplýsingar


2.1. Hulduheimar

Leikskólinn Hulduheimar er staðsettur í tveimur húsum, annars vegar að Kjalarsíðu 3, aðgreindur Sel og hins vegar að Þverholti 3-5, aðgreindur Kot. Skólinn varð til við sameiningu Síðusels og Holtakots á haustdögum 2012. Ákveðið hefur verið að miða afmæli skólans við fyrsta sameiginlega skipulagsdag hans sem var 28. september 2012. Í húsnæðinu að Kjalarsíðu eru þrjár deildir, ein fyrir börn á aldrinum 1 ½ – 3 ára og tvær deildir fyrir börn á aldrinum 3 – 6 ára. Í húsnæði skólans að Þverholti er ein deild með blandaðan aldur, frá 2 – 6 ára. Heildarfjöldi barna í báðum húsum er í kringum 100. Heildarfermetrafjöldi Kots er 225 fm og Sels 515 fm.

Útileiksvæðið í Kjalarsíðu er stórt eða um 7042 fm og ágætlega tækjum búið, en nokkuð erfitt fyrir kennara að hafa góða yfirsýn. Útileiksvæðið í Þverholti er sömuleiðis stórt eða 2150 fm og líkt og í Kjalarsíðu er erfitt fyrir kennara að hafa góða yfirsýn. Leiksvæðið er vel búið leiktækjum og aðstaða fyrir börn í leik er góð.

Skólinn er búinn hefðbundnum búnaði bæði hvað varðar starfið með börnunum og því sem kennarar þurfa til að undirbúa starfið.

2.2. Skipurit Hulduheima



Skólanefnd fer með málefni leikskóla á Akureyri samkvæmt lögum og reglugerðum um þá, sveitarstjórnarlögum og því sem bæjarstjórn felur henni að öðru leyti. Skólanefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Fræðslufulltrúi situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt, einnig leikskólafulltrúi þegar fjallað er um málefni leikskóla. Fræðslufulltrúi og leikskólafulltrúi vinna á Skóladeild Akureyrar sem fer með yfirstjórn leikskóla, fjármál, áætlunargerð, innritun barna, skipulagsmál og ráðgjöf. Leikskólafulltrúi er næsti yfirmaður leikskólastjóra Akureyrarbæjar.

Skólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að skólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, Aðalnámskrá leikskóla, skólastefnu Akureyrar, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli.

Nýr skólastjóri var ráðinn í skólann frá 1. ágúst og er í 100% stöðu. Þegar skólarnir voru sameinaðir var stjórnunarstaðan hækkun tímabundið í 190%, en var minnkuð í 150% frá 1. ágúst 2014, stjórnunarstaða aðstoðarskólastjóra í Koti er 20% og 30% í Seli.

Deildarstjórar leiða starfið á sínum deildum og allir starfsmenn vinna að uppeldi og menntun barnanna.

2.3. Mötuneyti

Tvö fullbúin mötuneyti eru í skólanum. Í mötuneytinu í Koti starfar einn matartæknir í 100% stöðu og í mötuneytinu í Seli er starfandi matráður í 100% stöðu, auk aðstoðarmatráðs í 60% stöðu. Matráðar sjá um morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu. Þeir sjá einnig um öll aðföng í eldhús, matseðlagerð og þvott. Í eldhúsunum er unnið samkvæmt viðmiðum manneldisráðs. Eldað er eftir sameiginlegum matseðli leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar. Matráðar koma að uppeldi barna, t.d. þegar börn koma í eldhús til að sækja hluti sem vantar. Matseðlar eru aðgengilegir á heimasíðu skólans.

2.4. Breytingar

Helsta breyting á starfsárinu var að nýr skólastjóri tók við rekstri skólans 1. ágúst 2014. Að sjálfsögðu fylgja nýjum stjórnanda ýmsar nýjungar og nýir siðir. Ákveðið var að setja frekara sameiningarferli á bið og velta vandlega fyrir sér hver væri ávinningur að frekari breytingum í átt til sameiningar. Segja má að starfsmenn hallist æ meira að því að hér sé um tvo skóla að ræða sem lúti einni stjórn og að farsælast sé að vinna út frá þeirri nálgun. Í raun má segja að hér sé um tvo ólíka vinnustaði að ræða, stærðin ólík og á það sinn þátt í að sú menning sem hefur skapast á hvorum stað er ólík.

Á haustmánuðum 2015 voru teknar í notkun nýjar starfsmannahandbækur. Veturinn 2013 – 2014 unnu starfsmenn að nýrri starfsmannahandbók, aðstoðarskólastjórar tóku svo að sér að binda endahnútin á þá vinnu. Úr varð að gefnar voru út tvær starfsmannahandbækur, ein fyrir hvora starfsstöð í ljósi þess að um nokkuð ólíkar starfsstöðvar er að ræða. Ljóst er að vel mátti sameina suma kafla eða kaflahluta en aðrir þurftu að snúa að hvorri starfsstöð. Við metum það svo að það sé í lagi og að mikilvægt sé að hvor starfsstöð fái að halda sínum sérkennum.

Ný heimasíða var tekin í gagnið í byrjun árs 2015. Hér er um umtalsverða breytingu að ræða, einföld heimasíða sem auðvelt er að uppfæra og er hún í stöðugri þróun.

Í nóvember 2014 var unnin jafnréttisáætlun fyrir Hulduheima og var hún samþykkt að Jafnréttisstofu.

Breytingar í kjölfar sameiningar skóla eru langtímaverkefni. Sumir þættir hafa fest sig í sessi, til að mynda starfsmannafundir og skipulagsdagar. Reynslan frá því að skólarnir voru sameinaðir, hefur sýnt okkur fram á að Hulduheimar eru í raun tveir skólar, með einn skólastjóra og þó ýmislegt sé hægt að vinna saman og samnýta er hér og verður um tvær sjálfstæðar einingar að ræða.

3. Börn

3.1. Fjöldi barna

Í Hulduheimum voru samtals 100 börn sem skiptust í húsin á eftirfarandi hátt.

Þann 1. október voru 35 börn á aldrinum 2 ára – 6 ára í Koti

Börn fædd	4 – 6,5 tíma vistun		6,75 – 8,5 tíma vistun	
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
2009		2	5	1
2010			3	4
2011	1	2	5	2
2012	1		3	6

Þann 1. október voru 65 börn á aldrinum 1 1/2 árs - 6 ára í Seli

Börn fædd	4 – 6,5 tíma vistun		6,75 – 8,5 tíma vistun	
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
2009		3	4	7
2010	1	1	8	8
2011			4	9
2012	2	2	5	7
2013		2		2

Barngildi samtals 108,71 í Koti 38,23 og í Seli 70,48.

3.2. Nýting skólatíma

Sjá fylgiskjal

4. Starfsmenn

4.1. Stöðugildi Kot

Í október 2014 störfuðu 10 starfsmenn í Koti, fyrir utan leikskólastjóra, sem starfar á báðum starfsstöðum. Skipting starfsmanna er eftirfarandi: 4 leikskólakennarar, 1 leiðbeinandi A, 1 þroskþjálfari, 3 leiðbeinendur og 1 matráður.

Stöður	Nafn	Starfshlutf all	Nám	Stéttarfélag
Skólastjóri	Snjólaug	50%	Leikskólakennari	KÍ
Aðstoðarskólastjóri	Sólrún	90%	Leikskólakennari	KÍ
Deildarstjóri	Þorgerður	92,50%	Leikskólakennari	KÍ
Leikskólakennari	Eydís	92,50%	Leikskólakennari	KÍ
Leiðbeinandi A	Jóhanna Rósa	92,50	Þroskþjálfari	ÞÍ
Sérkennslustjóri Vinna við sérkennslu og leikskólakennari	Ingibjörg	25% 67,5%	Leikskólakennari	KÍ
Leiðbeinandi A	Hólmfríður	100%	B.ed. í kennslu yngri barna	Eining/Iðja
Leiðbeinandi	Silley Hrönn	75%	Grunnskólapróf	Eining/Iðja
Leiðbeinandi	Þorbjörg	75%	Stúdentspróf VMA	Eining/Iðja
Leiðbeinandi	M. Fanneý	75%	Stúdentspróf VMA	Eining/Iðja
Matráður	Guðrún	100%	Matartæknir	Eining/Iðja

4.1. Stöðugildi Sel

Í október 2014 störfuðu 19 starfsmenn í Seli. 10 leikskólakennarar, 1 leikskólaliði, 3 leiksk. leiðbeinendur A, 2 matráðar, auk eins matráðar í fæðingarorlofi og 2 starfsmenn frá Atvinnu með stuðningi. Leikskólastjóri starfar á báðum starfsstöðvum og er skráður í 50% á hvorum stað.

Stöður	Nafn	Starfshlutfall	Nám	Stéttarfélag
Skólastjóri	Snjólaug	50%	Leikskólakennari	KÍ
Aðstoðarskólastjóri	Guðrún Hafdís	80%	Leikskólakennari	KÍ
Deildarstjóri	Ólöf Huld	100%	Leikskólakennari	KÍ
Deildarstjóri	Vala	100%	Leikskólakennari	KÍ
Deildarstjóri	María Aldís	100%	Leikskólakennari	KÍ
Leikskólakennari	Kristbjörg	100%	Leikskólakennari	KÍ

Sérkennslustjóri		25%		
Vinna við sérkennslu og leikskólakennari	Matthildur	75%	Leikskólakennari	KÍ
Leikskólakennari	Þuríður Jóna	100%	Leikskólakennari	KÍ
Leikskólakennari	Nicoleta	50%	Leikskólakennari	KÍ
Leikskólakennari	Heiða Björg	100%	MA í stjórnun	KÍ
Leikskólaleiðbeinandi A	Eva Dröfn	100%	BA í sálfræði og þjóðfélagsfræði	KÍ
Leikskólaleiðbeinandi A	Dagný	100%	BA í sálfræði	KÍ
Leikskólaleiðbeinandi A	Guðbjörg	82,50%	Grunnsk.kennari	KÍ
Leikskólaliði	Þóra Björg	90%	Leikskólaliði	Eining/löja
Atvinna með stuðningi	Guðrún Thelma	62,50%	Grunnskólapróf	Eining/löja
Atvinna með stuðningi/ leiðbeinandi B	Lilja Björg	37,50%	BA í sálfræði	KÍ/Eining/löja
Matreiðslumaður	Anna María	100%	Kokkur	Eining/löja
Aðstoðarmatráður í fæð.orlofi til 30.06.2015	Ragnheiður	60%	Stúdentspróf	Eining/löja
Aðstoðarmatráður	Heiða	60%	Stúdentspróf	Eining/löja

4.2 Veikinda- og barneignaleyfi

Kot: Einn leiðbeinandi fór í veikindaleyfi í byrjun september 2014 og snéri aftur til vinnu í 20% stöðuhlutfall í mars 2015. Hún skilaði starfshæfnivottorði. Einn leiðbeinandi er í fæðingarorlofi. Matráður fór í veikindaleyfi 1. október 2014 og verður um óákveðinn tíma.

Sel: Einn kennari fór í veikindaleyfi 10. október 2014 og kom aftur til starfa 1. febrúar 2015. Aðstoðarskólustjóri fór í tveggja vikna veikindaleyfi í október 2014. Einn deildarstjóri fór í fæðingarorlof 16. mars 2015.

4.3 Áherslur í starfsmannamálum og fundir

Í báðum húsum er lögð mikil áhersla á að samskipti starfsmanna séu sem best og ef einhver ágreiningsmál koma upp sé leyst úr þeim sem allra fyrst.

Mannauðstefna er starfsmannastefnan í **Koti**. Hver starfsmaður býr yfir auði sem virkjaður er í starfinu í skólanum. Starfsmenn vinna náið saman í teyllum þar sem hver þekkir sína stöðu, styrk og áhugahvöt. Boðskipti fara fram að hluta með samskiptabók sem færð er inn í jafnóðum og skilaboð berast yfir daginn.

Í **Seli** er áhersla lögð á að allir starfsmenn séu virkir og taki ábyrgð og einnig á mikilvægi þess að skilaboð komist fljótt og vel til skila. Á starfsmannagangi er stór tafla fyrir ýmsar upplýsingar og skilaboð, einnig er borðdagatal á skenk á starfsmannagangi, þar á skrá kennarar fjarverur, ferðir, fundi og annað sem nauðsynlegt er að allir séu meðvitaðir um. Á skenk eru einnig skúffur merktar deildum og skólastjóra, þar í eru settir pappírar af ýmsu tagi, sem berast þurfa til viðkomandi. Samskiptabækur eru inni á hverri deild.

Starfsmannafundir

Starfsmannafundir þar sem skólinn lokaði kl. 12:15 voru fjórir talsins. Fyrsti fundur að hausti var haldinn á hvorri starfsstöð fyrir sig, í Koti var fundur 5. september og í Seli 8. september, aðrir fundir voru sameiginlegir og voru dagsetningar eftirfarandi: 21. nóvember, 23. febrúar og 23. mars. Sameiginlegu fundirnir voru ýmist haldnir í Koti eða Seli og hófust á því að hvor starfsstöð fundaði út af fyrir sig. En þegar kom að námskrárvinnu var ákveðið að hafa hópavinnuna í Seli, þar sem rými er meira. Auk hefðbundinna fundarstarfa, þ.e. upplýsinga af ýmsu tagi, umræður og samræmingar fengu kennarar kynningu á lífsleikninni og SMT-agastefnunni, aðstoðarskólastjóri sagði frá námskeiði sem hann sótti um kynferðisofbeldi gegn börnum. Skólastjóri kynnti vinnu við læsisstefnu sem unnið er að í leikskólum Akureyrarbæjar.

Rannveig Oddsdóttir sérfræðingur frá Miðstöð skólaþróunar H.A. kom á fund til okkar 23. febrúar, en þá hófst undirbúningur að vinnu við nýja skólanámskrá. Á starfsmannafundi 23. mars komu Rannveig og Helga Rún Traustadóttir, einnig frá Miðstöð skólaþróunar. Eftir innlegg frá þeim um skólanámskrá og leiðir í þeim efnum var farið í hópavinnu þar sem unnin voru markmið fyrir námsleiðirnar.

Deildastjórafundir

Kot

Í Koti voru deildarstjórafundir haldnir síðasta fimmtudag í mánuði, fundina sátu deildarstjórar og skólastjóri. Á fundunum voru teknar ákvarðanir um málefni er vörðuðu skipulag deildarinnar, starfsmannamál, SMT og dygðakennslu ásamt því að skipuleggja starfið.

Sel

Í Seli voru klukkutíma stjórnarfundir settir á dagskrá á mánudagsmorgnum og tókst oftast að fylgja þeirri áætlun. Þessa fundi sátu skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórnarnir þrír. Þessir fundir voru mikilvægir til að samræma og skipuleggja starf skólans, miðla upplýsingum og taka ákvarðanir um ýmis mál.

Starfsmannafundir vegna deilda

Kot

Deildarfundir voru haldnir þriðja þriðjudag í mánuði. Dagskrá frá deildarstjóra lá fyrir með viku fyrirvara og aðrir starfsmenn gátu skráð þau málefni sem þeir vildu taka fyrir. Á fundunum voru tekin fyrir málefni einstakra nemenda, starfið skipulagt og vinnulag samræmt.

Sel

Deildarfundir voru venju samkvæmt haldnir á þriðjudögum frá kl. 14:15 – 16:00, hver deild fundaði þriðju hverja viku. Eftir áramót flutti Trölladeild sína fundi á föstudagsmorgna kl. 9:30 – 11:15, var það gert vegna vinnutíma kennara. Á þessum fundum fengu kennarar deilda ráðrúm til að ræða m.a. um einstaka nemendur, samræma starfs- og uppeldisaðferðir og yfirfara ýmis gögn sem allir þurftu að kunna skil á og vera samþykki.

Aðrir fundir

Sérkennslustjórar beggja starfsstöðva sátu þrisvar fundi með starfsmanni frá barnavernd, þar sem verið er að móta reglur varðandi samskipti leikskóla og barnaverndar.

Sérkennslustjórar skóla bæjarins hittust að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann á u.þ.b. 2 klst. fundum. Elva Haraldsdóttir sérkennsluráðgjafi fjölskyldudeildar stýrði þeim fundum. Helstu umfjöllunarefni: Samstarf leikskóla og ungbarnaverndar HAK, Áskell Kárason sálfræðingur hjá barnavernd kynnti tilkynningaskyldu v/vanrækslu af ýmsu tagi, kynnt var starfsemi fjölskyldudeildar er snýr að leikskólunum, almennar umræður um stöðu og gang mála og lausnaleit.

Stjórnendur sátu fund með ráðgjafa frá Miðstöð skólaþróunar H.A. 3. desember, þar sem farið var yfir stöðuna og vinnu sem unnin var síðasta vetur við starfsmannahandbók. 29. janúar voru ráðgjafar frá Miðstöð skólaþróunar með stjórnendum á fundi, þar voru ræddar ýmsar útfærslur á skólanámskrá og sett niður áætlun að vinnu við væntanlega skólanámskrá.

SMT teymið í Koti hittist á fundi einu sinni á haustönn til að skipuleggja starfsárið og einu sinni á vorönn til ráðagerða og vinnu við frávíkaskráningar. Lausnateymið hittist ekki þrátt fyrir að það hafi verið á áætlun. (Sjá SMT starfsáætlun fyrir skólaárið 2014 – 2015 í fylgiskjölum)

Starfsmannasamtöl, handleiðsla, móttaka nýrra starfsmanna.

Kot:

Leikskólastjóri tók starfsmannasamtöl við alla starfsmenn Kots þar með talda deildarstjóra, sérkennslustjóra og matráð.

Sel:

Skólastjóri tók öll starfsmannasamtöl að þessu sinni, var það fyrst og fremst vegna þess að hún er nýkomin til starfa og þótti nauðsynlegt að vinna þetta á þennan hátt. Með þessu móti náði hún að tengjast öllum starfsmönnum vel.

Fjórum starfsmönnum var boðið í samtal vegna fjölda fjarverudaga.

Móttaka nýrra starfsmanna í báðum starfsstöðvum var nokkur á árinu og tókst í megin atriðum að fara eftir vinnulýsingum þar að lútandi.

5. Stefna – Hugmyndafræði – Skólanámskrá

5.1. Stefna leikskólans

Kot

Stefna skólans mótast af Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999, lögum um leikskóla og Skólafærni Akureyrar. Einnig nýta kennarar skólans hugmyndafræði Piaget, Kamii og Devries, Bronfenbrenner og SMT skólafærni til að móta og skipuleggja starf sitt.

Í Koti viljum við að barn öðlist þekkingu og færni í gegnum persónulega reynslu, eigin virkni og áhugahvöt. Lögð er áhersla á að þjálfar félagsfærni og gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti. Til grundvallar eru kenningar ýmissa fræðimanna sem fjalla um mikilvægi fyrrgreindra þátta fyrir þroska barns og hugmyndafræði SMT – skólafærni.

Kjarninn í uppeldisstarfi skólans mótast af fjórum markmiðum sem eru höfð að leiðarljósi í starfinu:

Sjálfs hjálp er nám í færni og eflist með auknum þroska. Í athöfnum daglegs lífs er lögð áhersla á að styrkja barnið til sjálfs hjálpar og sjálfstæðis svo það öðlist sterka sjálfsmynd og gott sjálfstraust. Kennarar skólans leitast við að búa börnum umhverfi sem hvetur þau til sjálfs hjálpar og virkni á eigin forsendum. Barn sem fær nóga hvatningu til að gera og prófa sjálft öðlast trú á eigin getu og viljastyrk til að takast á við ólík verkefni¹. Leikskólaumhverfið er þannig úr garði gert að það veitir barni öryggi og tilfinningu fyrir því að það sé velkomið. Barnið veit hvað gerist næst og lærir að framkvæma hlutina sjálft. Við kennum börnunum að bera ábyrgð, hugsa um líkamlegar þarfir sínar, stjórna tilfinningum sínum, leysa vandamál og veitum þeim tækifæri til að velja, hafna og taka ákvarðanir.

Í Koti eflum við sjálfs hjálp barnanna með því að:

- Hrósa þeim nákvæmlega og hvetja þau til að takast á við verkefni dagsins.
- Kenna þeim að hjálpa sér sjálf og gefum þeim nægan tíma til þess. Höfum efnivið aðgengilegan og sýnilegan.
- Hafa dagskipulagið einfalt og sett upp á myndrænan hátt.
- Kenna þeim að taka ábyrgð á og bera virðingu fyrir eigum sínum og annarra með því að hengja flíkurnar sínar í hólfið og ganga frá skófatnaði.
- Hafa reglur leikskólans sýnilegar og settar upp á myndrænan hátt.

Agi er aðferð til að stjórna og taka ábyrgð á börnum svo þau skynji öryggi og læri reglur sem fara þarf eftir. Kennarar Kots starfa samkvæmt SMT - skólafærni eða jákvæðum stuðningi við hegðun nemenda. Við leggjum áherslu á að koma í veg fyrir og draga úr

¹ Gordon Ann Miles og Kathryn Williams Browne 1996:271,275

hegðunarvanda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, umbuna fyrir jákvæða hegðun og samræma vinnubrögð kennara gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Í Koti kennum við aga með því að:

- Gefa barni skýr fyrirmæli um til hvers er ætlast. Skýr fyrirmæli auka líkur á samstarfsvilja og barn skilur okkur betur ef við segjum því til hvers er ætlast, hvenær og hvernig.
- Beina athyglinni að jákvæðri hegðun barns. Við örvum barnið með tiltrú og hvatningu því sjálfstraust og sjálfsvirðing er háð árangri. Kennarar fylgja jákvæðri hegðun eftir með félagslegri hvatningu, eru t.d. örlátir á hrós og setja þumalinn upp í loft. Þeir hvetja einnig með ápreifanlegum hætti og nota til þess brosbörn, límmiða ofl.
- Setja barni mörk með mildum og sanngjörnum afleiðingum í kjölfar óæskilegrar hegðunar. Barn sem sýnir neikvæða hegðun fer í einveru sem er stutt og væg afleiðing og byggist á því að trufla neikvæða hegðun barnsins. Það er tekið úr aðstæðunum og fylgt þangað sem það fær enga athygli eða afþreyingu.

Frumkvæði. Við leggjum áherslu á að virða frumkvæði og áhuga hvers barns. Það fær tækifæri til að fást við verkefni sem vekja áhuga þess á hverjum tíma og við gefum því ráðrúm og sköpum aðstæður til tilrauna og úrvinnslu. Kennarar virða vilja og rétt barnsins til eigin upplifana við ýmsar aðstæður og hjálpar því þannig að þroska með sér gildi sem byggja á virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum. Við örvum, eflum og veitum leiðsögn við hæfi en tökum ekki fram fyrir hendur barnsins og virðum rétt þess til að nota efniviðinn á sínum forsendum².

Við eflum frumkvæði barnanna með því að:

- Hafa efnivið og áhöld, þar sem því er við komið, aðgengileg og sýnileg því það virkar hvetjandi og gerir barn virkari í námi og svarar forvitni þess.
- Hvetja barn til dáða fyrir að reyna að takast á við hin ýmsu verkefni. Við höfum hugfast að virða viljann fyrir verkið.
- Gefa barni kost á að vera þátttakandi í ákvarðanatöku í leikskólastarfinu, til að mynda með áherslur í hópastarfi, vali og öðrum viðfangsefnum.
- Nota félagslega hvatningu og hrós við hvert tækifæri, til dæmis bros, hrós, þumalinn upp í loft og fleira.
- Í leiknum á barnið frumkvæðið

Tillitssemi

Kennarar skólans hafa umhyggjusemi, virðingu og umburðarlyndi að leiðarljósi í samskiptum sínum við barnið. Börn hafa, líkt og fullorðnir, þörf fyrir að vera viðurkennd sem einstaklingar með ólíkar þarfir, langanir og tilfinningar. Við erum fyrirmyndir og

² Rit um uppeldisstefnur 1994:44

mikilvægir kennarar. Í samskiptum sínum við fólk byggir barnið upp hugmyndir og tilfinningar um sjálft sig, veröldina og fólk í kringum sig. Það lærir einnig hvaða eiginleika það hefur samanborið við aðra. Það eru allir einstakir og ef barnið öðlast þá sýn á sjálft sig, á það auðveldara með að bera virðingu fyrir öðrum. Við virðum skoðanir og ólíkar hugmyndir barna og látum þau vita að þær eigi rétt á sér. Við veitum barni jákvæða svörun, hrós og athygli og styrkjum þannig sjálfstraust og trú þess á sjálft sig. Barn sem umgengst önnur börn á auðveldara með að setja sig í spor og taka tillit til annarra, ásamt því að finna til samkenndar. Börn læra að umgangast hvert annað af virðingu og umburðarlyndi.

Við kennum börnunum tillitsemi með því að:

- Nýta þær aðstæður þegar upp koma árekstarar meðal barna til kennslu. Við gefum börnum tækifæri og tíma til að leysa sjálf ágreiningsmál.
- Kennarar grípa ekki inn í nema í lengstu lög.
- Við höfðum stjórn á líkamstjáningu og raddblæ.
- Við hvetjum barn til að nota setningar eins og „ég vil ekki láta slá mig, mér finnst það vont, ég vil ekki láta uppnefna mig.“ Kennarar tala í augnhæð barnanna.
- Við kennum barni að virða vilja annarra. Þegar barn segir við annað barn „ég vil ekki láta taka dótið af mér“, má barnið ekki taka dótið.
- Við hvetjum barn til að nota orð eins og „viltu lána mér“, má ég núna fá dótið“, „eigum við að skiptast á“ í staðinn fyrir að rífa af.
- Við höfum það hugfast að hinir fullorðnu eru fyrirmyndir.
- Við hvetjum barn til að sýna hjálpssemi við allar aðstæður.
- Við kennum barni að hlusta þegar aðrir tala og virða þá reglu að einn talar í einu.
- Við hvetjum barn til að sýna kurteisni og gagnkvæma virðingu.

Sel

Uppeldisstefna

Í Seli byggir stefnan í uppeldismálum að mestu á kenningum John Dewey og Howard Gardner. Einnig er unnið eftir hugmyndafræðinni *Lífsleikni í leikskóla*. Þar eru teknar saman kenningar ýmissa fræðimanna sem snúa að mannrækt og siðferðilegu gildismati í samfélagi manna og mikilvægi þess að efla og styrkja hið góða í hverjum einstaklingi, bæði börnum og fullorðnum. Við nýtum okkur hugmyndafræði Loris Malaguzzi um uppeldisfræðilega skráningu.

Samkvæmt kenningum Dewey lærir barnið af eigin reynslu, virkni og áhuga. Hann lagði áherslu á samvinnu og að vinna í félagslegri heild þroski sjálfsvitund og skilning barnsins.

3

³ Uppeldisáætlun leikskóla 1993:18

Howard Gardner segir að samskiptagreind sé sá hæfileiki að skilja annað fólk og það sem fyrir því vakir, hvernig það vinnur og hvernig unnt er að starfa með því. Sjálfsþekkingargreind er samsvarandi hæfileiki sem beinist inn á við. Hún felur í sér getu til að móta nákvæma og sanna sjálfsmynd og vera fær um að nota hana sér til framdráttar í lífinu.⁴

Hugmyndafræðin að baki lífsleikninni byggir á því að tileinka sér sérstakar dygðir s.s. hugrekki, ábyrgð, samkennd, hófsemi, virðingu, vinsemd og hjálpsemi. Lífsleiknin byggir á trú á sammannlegan grunn í ákveðnum persónudygðum. Börn læra dygðirnar af dæmum og þurfa að æfa sig þar til það verður þeirra annað eðli. Þau bregðast „rétt“ við ýmsum siðferðilegum aðstæðum vegna þess að það er orðið þeim eðlislægt.⁵

Loris Malaguzzi lagði áherslu á uppeldisfræðilega skráningu. Þær eru mikilvægt tæki til að sýna foreldrum, starfsmönnum, börnum og jafnvel ráðamönnum hvað er að gerast í leikskólanum. Þannig er hægt að fylgjast nánar með starfi, leik og framförum barnanna og hvernig starfsmenn vinna með börnum.⁶

Í leikskólanum viljum við:

- Að starfsmenn sýni nemendum virðingu, hlýju og ástúð í allri umgengni. Að nemendur fái ábyrga og faglega umönnun bæði andlega og líkamlega.
- Að starfsmenn leggi áherslu á mannþækt og kenni nemendum siðfræði í gegnum leik og nám.
- Að starfsmenn aðstoði nemendur við að virða þær reglur sem eru í gildi, aðstoði þá við að taka tillit til hvers annars og leysa ágreining á jákvæðan og friðsamlegan hátt.
- Að nemandi sé í brennidepli og gengið sé út frá þroska hans og þörfum.
- Að allir nemendur séu jafnir og borin sé virðing fyrir sérkennum hvers og eins, bæði af starfsmönnum og nemendum.
- Að nemendum verði gert kleift að læra af eigin reynslu, virkni og áhuga.
- Að áhersla sé lögð á að nemandi sé virkur í þekkingarleit sinni, spyrji spurninga og tengi þannig reynslu sína við nýjar uppgötvanir í stað þess að fá tilbúna lausnir. Mikilvægt er að starfsmenn séu meðvitaðir í uppeldisstarfinu og geri sér grein fyrir því að sjálft ferlið skiptir mestu máli en ekki hvað kemur út úr einstökum verkefnum.
- Að starfsmenn séu virkir og leiðandi í uppeldisstarfinu, njóti og nýti tækifæri hins daglega lífs.
- Að starfsmenn leggi áherslu á að umhverfið sé hvetjandi, vel skipulagt og fjölbreytt fyrir vöxt og þroska nemenda.
- Að kennarar leggi sig fram við að vekja ánægju og áhuga nemenda á tónlist, myndlist og hreyfingu á sem fjölbreytilegastan hátt.
- Að öllum nemendum sé boðið upp á einfalt, öruggt og vel skipulagt umhverfi sem hvetur þá til að nota hugmyndaflug sitt, jafnt í skipulögðum leik sem frjálsum.

⁴ Gardner 1994:220

⁵ Lickona 1991:50, Kilpatrick 1992:15,93,97

⁶ Berglind Káradóttir o.fl. 1995:21

- Að í leikskólanum ríki auðugt málumhverfi þar sem lögð er áhersla á gott íslenskt mál í orðavali og framburði.
- Að starfsmenn leitist við að opna augu nemenda fyrir fjölbreytileika náttúrunnar, veki virðingu fyrir henni og ábyrgðarkennd. Við viljum að nemendur öðlist fjölbreytta reynslu og kynnist náttúrunni.
- Að starfsmenn séu góðar fyrirmyndir nemenda og sýni gott fordæmi.

5.2. Sérstakar áherslur í starfinu

Lífsleikni í leikskóla er verkefni sem fest hefur verið í sessi í Seli. Þetta er þróunarverkefni sem Síðusel/Sel tók þátt í ásamt leikskólunum Sunnubóli og Krógabóli. Verkefnið fór formlega af stað haustið 2001. Hugmyndafræðin að baki lífsleiknikennslunni byggir á eftirfarandi:

- Hugmyndafræði Loris Malaguzzi sem beinist að trú á möguleika einstaklingsins. Rannsóknir barna og uppgötvanir eru mikilvægar og nauðsynlegt að þeim sé sýnd virðing.
- Í kenningu Howards Gardner um fjölþáttagreind er talað um átta greindir sem hver einstaklingur býr yfir. Börnin fá því þjálfun á ólíkum sviðum í verkefnum sínum.
- Í bók Daniels Goleman, Tilfinningagreind, kemur skýrt fram að góð tilfinningagreind hjálpi til við öll mannleg samskipti og því þurfi að leggja rækt við hana allt frá fæðingu.
- Mannræktarstefnan, The Council for Global Education, leitast við að gera börnin bæði góð og fróð og þaðan kemur hugmyndin um dygðakennsluna.
- William Damon hefur skrifað mikið um siðferðisþroska barna og bendir á að rannsóknir sýni að ung börn séu færari en áður var talið í að leysa siðferðisleg vandamál. Hann styður það eindregið að siðferðiskennd barna sé örvuð allt frá frumbersku.

Markmið okkar er að allt starfið einkennist af þeirri dygð sem er til umfjöllunar hverju sinni. Þegar ný dygð er tekin fyrir bætist hún við þær sem fyrir eru. Mikilvægt er að foreldrar taki virkan þátt í vinnu með dygðirnar. Með góðri samvinnu heimilis og skóla og virkri þátttöku foreldra eflum við siðferðisþroska barna.

Markmið fyrir kennara í lífsleikni:

- ✓ Að kennari verði fær um að styðja nemendur í að hafa taumhald á tilfinningum sínum.
- ✓ Að kennari verði fær um að leiðbeina nemendum í að finna til samúðar með öðrum.
- ✓ Að kennari hafi haldgóða þekkingu í uppeldis- og sálarfræði og ákveðna færni í mannlegum samskiptum.

- ✓ Að kennari þekki þau áhrif sem hann hefur sem **fyrirmynd**.
- ✓ Að kennari þekki sjálfur og virði þær reglur sem eru í gildi, til að vera fær um að leiðbeina nemendum í að taka tillit til hvers annars og að leysa ágreining á friðsamlegan hátt.
- ✓ Að kennari beri virðingu fyrir öðrum og umhverfi sínu.
- ✓ Að kennari finni til samkenndar með meðbræðrum sínum.
- ✓ Að kennari gangi til verka sinna með jákvæðu hugarfari og gangi á undan með góðu fordæmi.

Markmið fyrir nemendur í lífsleikni:

- ✓ Að nemendur öðlist innri aga.
- ✓ Að nemendur læri að bera virðingu fyrir öðrum og umhverfi sínu.
- ✓ Að samkennd meðal nemenda aukist.
- ✓ Að siðferðisvitund nemenda eflist.
- ✓ Að nemendur læri að þekkja muninn á réttu og röngu.
- ✓ Að nemendur læri að þekkja tengslin milli orsakar og afleiðingar.
- ✓ Að jákvæður agi sé ríkjandi.
- ✓ Að nemendur læri að þekkja tilfinningar sínar og geti brugðist við þeim.
- ✓ Að nemendur læri að taka fólki eins og það er og viðurkenni að það eru ekki allir eins.
- ✓ Að nemendur læri að allir hafa eitthvað fram að færa.

6. Leikskólastarfið

6.1. Starfið síðasta skólaár

Kot:

Tvisvar í viku, mánudaga og þriðjudaga, var hópastund. Þá var börnunum skipt í hópa eftir aldri og hafði einn kennari og einn aðstoðarkennari umsjón með hverjum hópi, skipulögðu verkefni, gerðu skráningar og fylgdust með þroska og framförum barns. Unnið var með dygðir, eina á haustönn og tvær á vorönn og stuðst við kennsluefnið *Lífsleikni í leikskóla*. Hóparnir fengust við ýmis fleiri viðfangsefni en það er tíundað frekar hér á eftir. Dyggur dygðamús heimsótti hvert barn einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Dyggur er talsmaður dygðanna og markmiðið með heimsóknum hans er að efla samstarf heimilis og skóla, vekja foreldra til umhugsunar um dygðakennsluna sem fram fer í skólanum og hvetja þá til þátttöku með því að ræða við barnið og skrá niður í dagbók samveru barnsins og Dyggs.

Miðvikudaga og föstudaga var oftast valstund fyrir þrjá eldri árgangana en markmiðið með henni er að gefa barni kost á að velja viðfangsefni eftir áhuga og kenna barni að bera ábyrgð á eigin vali. Valsvæðin voru af ýmsum toga en barni gafst jafnan kostur á að

velja á milli fjögurra til fimm svæða, stundum kom það fyrir að ekki var hægt að bjóða upp á svo fjölbreytt val vegna starfsmannastöðu í húsinu. Val barnsins var skráð í hvert skipti sem gaf kennurum tækifæri til að sjá hvar áhugasvið þess liggur.

Á fimmtudögum skiptust kennarar á að hafa umsjón með hreyfistund. Barnahópnum var skipt í 3 hópa eftir aldri og þroska. Hver hreyfistund var 30 – 40 mínútur og var lögð áhersla á að efla alhliða hreyfiþroska barna með ýmsu móti, settar voru upp þrautabrautir, dansað, jógaæfingar gerðar og slakað á í lokin.

Foreldrafélag skólans keypti þjónustu danskennara í 8 skipti í vetur. Ingunn Hallgrímsdóttir sá um kennsluna sem mæltist mjög vel fyrir hjá börnum og foreldrum. Foreldrar komu og tóku þátt í síðasta danskennslutímanum.

Hinir ýmsu uppakomu dagar bangsadagur, dagur ísl. Tungu ofl.....

Kennarar Kots héldu áfram að vinna vel með SMT. Umbunað var fyrir SMT í hvert skipti sem Brosbarnaormurinn fylltist. Barnahópurinn valdi milli þriggja kosta sem voru í boði með þeim hætti að kennari hafði nafnakall og hvert barn setti atkvæði sitt við þann kost sem því þótti eftirsóknarverðastur. Kosturinn sem fékk flestu atkvæðin var valinn sem umbun. Umbunin gat verið sulludagur, búningadagur, útidótadagur ofl. Sjá ennfremur um SMT- skólafærni í kafla 9.1.

Hópastarf elstu barna, fædd 2009

Kennari var Sólrún Eyfjörð Torfadóttir. Í vetur hittust elstu börnin tvisvar í viku og unnu saman að ýmsum verkefnum í hópastarfsstundum. Í upphafi vetrarstarfs voru 8 börn í hópnum, 5 drengir og 3 stúlkur en um áramótin bættist einn drengur tímabundið í hópinn og ein stúlka í mars. Alls útskrifuðust því níu börn í vor.

Unnið var að ákveðnum markmiðum yfir skólaárið. Þau snéru einkum að því að börnin unnu að lestrarhvetjandi verkefnum fengu tækifæri til að læra um og tileinka sér ákveðnar dygðir. Í vetur tókum við fyrir dygðirnar hjálpsemi, ábyrgð og glaðværð og tengdum þær við tilfinningar okkar og æfðum okkur í að beita þeim í viðeigandi aðstæðum. Það var misauðvelt að tileinka sér dygðirnar og öðlast skilning á merkingu þeirra en börnin voru mjög flott og dugleg við það í vetur.

Við gerðum ýmislegt til að æfa okkur í lestri og ritun, svo sem æfingar í að halda rétt á skriffæri, skrifa nafnið okkar og klippa eftir línu. Einnig æfðum við okkur í að þekkja tölustafi, grunnformin, bókstafina og hljóðin þeirra. Jafnframt æfðum við okkur í að tjá okkur fyrir framan hópinn og þjálfuðum færni okkar í að vinna sjálfstætt og á eigin forsendum bæði í gegnum leik og ýmiskonar æfingar. Öll börnin tóku framförum í þessum þáttum í vetur. Frá áramótum fórum við í allnokkrar heimsóknir í Glerárskóla. Þar skoðuðum við skólann, tókum þátt í ípróttatíma og kennslustundum með 1. bekk, borðuðum nesti og lékum okkur á skólalóðinni. Fyrstubekkingar komu sömuleiðis í heimsókn til okkar og fengu að taka þátt í starfinu með okkur.

Skólaheimsóknirnar voru ekki einu vettvangsferðirnar okkar í hópastarfinu í vetur en við fórum m.a. í heimsókn á Minjasafnið, fórum í bókstafaleit um nágrennið, ferðuðumst í miðbæinn og leystum ýmsar tölustafaprautir og heimsóttum Leikfélag Akureyrar. Elstu börn skólans áttu gott samstarf við Slökkvilið Akureyrar í tengslum við verkefnið um Loga og Glóð. Slökkviliðsmenn heimsóttu elstu börnin einu sinni að hausti og fræddu þau um mikilvægi brunavarna. Að vori var börnunum svo boðið á skemmtilega uppákomu á slökkvistöð. Mikil ánægja var með þetta samstarf og utanumhald mjög til fyrirmyndar.

Í haust var HLJÓM 2-próf lagt fyrir öll börnin. Það er skimunarpróf í leikjaformi þar sem gerð er athugun á hljóð- og málvitund fimm ára barna. Prófið var endurtekið eftir áramót hjá þeim börnum sem komu slök út úr fyrri prófun. Að hausti og vori var sjónræn bókstafa- og tölustafabekking (frá 0–10) hópsins könnuð. Börnin tóku öll einhverjum framförum í að þekkja bæði bók- og tölustafi.

Í heildina má segja að hópastarfið hafi gengið vel í vetur. Hópurinn samanstóð af fjölbreyttum einstaklingum sem var bæði skemmtilegt og gefandi að vinna með. Flest börnin voru áhugasöm um þau viðfangsefni sem við tókum okkur fyrir hendur og unnu verkefnið vel.

Hópastarf barna fædd 2010

Í hópnum voru átta börn, fimm stúlkur og þrjú drengir. Hópstjóri var Eydís Elva og með henni var Ingibjörg sem stuðningur. Hópurinn hittist tvisvar sinnum í viku, á mánudögum og þriðjudögum frá miðjum september 2014 til maíloka 2015. Í hópastarfinu unnum við með fyrirfram ákveðin viðfangsefni tengt dygðakennslu og var áhersla á verkefni sem eflir alhliða þroska barnanna.

Í upphafi vetrar óskuðum við eftir því við foreldra barnanna að fá að heimsækja vinnustaði þeirra ef mögulegt væri. Foreldrar tóku mjög vel í það og var okkur boðið á nokkra staði meðal annars á Hlíð öldrunarheimili, í Víðilund dagþjónustu aldraðra, Landsbankann, Háskólann á Akureyri og fleiri staði. Þessar heimsóknir voru mjög skemmtilegar og tókust mjög vel. Tekið var vel á móti hópnum á vinnustöðunum og var gaman að sjá hvað börnin voru spennt og áhugasöm. Áhugaverðar samræður urðu í hópnum eftir þessar heimsóknir. Þessar heimsóknir hugsuðum við okkur sem þjálfun í vettvangsferðum og einnig til að auka víðsýni barnanna og gefa þeim tækifæri til að sjá ólík vinnuumhverfi. Foreldrar virtust allir mjög ánægðir með heimsóknirnar og nokkrir þeirra sögðu að heima fyrir hefðu skemmtilegar og fræðandi umræður átt sér stað um heimsóknirnar.

Markmiðin með hópastarfinu voru meðal annars þau að börnin lærðu og tileinkuðu sér dygðirnar; hjálpsemi, ábyrgð og glaðværð. Að börnin mynduðu tengsl við jafnaldra sína og lærðu að vinna og leika saman í hópi. Að hópastundirnar yrðu nýttar til skráningar. Við unnum að markmiðunum með því að ræða saman í hópi og velta upp ýmsum

spurningum. Við lögðum áherslu á að við værum kurteis í samskiptum okkar við hvert annað og að mikilvægt væri að bera virðingu fyrir framlagi hvers og eins. Áhersla var einnig á að börnin æfðu sig í að koma fram fyrir hópinn og kynna sig og segja frá sér eða einhverju sem það vildi deila með hópnum. Verkefni voru fjölbreytt og kennarar einblíndu á að gefa börnunum skýr fyrirmæli og að muna að nota hvatningu og hrós.

Uppbygging hópastundanna voru þannig að við byrjuðum alltaf á að setjast saman, heilsuðumst og spjölluðum saman. Viðfangsefni stundarinnar var svo kynnt fyrir börnunum. Að því búnu var hafist handa. Viðfangsefni stundanna voru mjög fjölbreytt, við unnum ýmis verkefni sem tengdust dygðakennslunni, fórum í vettvangsferðir, unnum með ýmis ævintýri og við meðal annars gerðum stutt myndband þar sem börnin léku ævintýrið um Rauðhettu og úlfinn. Í lokin settumst við aftur saman og fórum yfir það sem við gerðum í stundinni og ræddum meðal annars hvernig gekk.

Þegar horft er til baka má segja að hópastarf hafi yfirleitt gengið mjög vel. Allir í hópnum þekkjast orðið mjög vel enda búin að vera saman í hópi í þrjá vetur og sömu kennarar með hópinn. Segja má að markmiðin hafi að einhverju leyti náðst. Börnin hafa náð ágætum tókum á dygðunum. Börnin hafa öll náð að mynda góð vinasambönd við jafnaldra sína í hópnum og þau leika sér mikið saman utan hópastundanna. Yfirleitt gekk börnunum vel að vinna út frá fyrirmælum kennara en þó voru stundir þar sem einhverjir áttu erfiðara með það í sumum verkefnum. Hópnum gekk nokkuð vel að vinna og leika saman í hóp og sérstaklega ánægjulegt var að sjá hvað sumir einstaklingar í hópnum voru klárir að leysa úr ágreiningi þegar það kom upp án aðstoðar frá kennurum. Einhverjar skráningar voru gerðar í stundunum og þá oft með myndbandsupptökum en þær hefðu mátt vera fleiri. Vinna með hópinn í vetur var bæði skemmtilegur og krefjandi. Börnin eru misjafnlega stödd í þroska og áhugi og úthald í vinnu verkefna var mismikil. Öll börnin hafa þó tekið miklum framförum í vetur hver á sínum hraða.

Hópastarf barna fædd 2011

Í haust byrjuðu 9 börn í Hreindýrahópi en eftir áramót fækkaði aðeins í hópnum og 8 börn voru í hópnum, 3 stúlkur og 6/5 drengir. Hópstjórar voru Þorgerður Sævarsdóttir og Þorbjörg Níelsdóttir. Einnig var Jóhanna Rósa Jónsdóttir okkur til aðstoðar þegar því var við komið og tók þá gjarnan einn dreng í einstaklingsþjálfun. Hópurinn hittist tvisvar sinnum í viku, á mánudögum og þriðjudögum og unnum við með fyrirfram ákveðið viðfangsefni sem við tengdum dygðunum (hjálpsemi, ábyrgð og glaðværð) og okkur sjálfum og fjölskyldunni okkar. Hópastarfstímarnir hófust gjarnan á því að við settumst í hring og fórum í leik, lásum sögu, spjölluðum og ræddum um viðfangsefni dagsins. Börnin voru hvött til að tjá sig, hafa skoðanaskipti og koma með hugmyndir sem við reyndum eftir fremsta megni að nýta og koma til móts við. Einnig voru stundirnar nýttar til skráninga. Við leituðumst við að nota fjölbreyttan efnivið, listsköpun, hlustun, spil, málörvun,

hreyfingu og gleði. Kennararnir voru duglegir að minna börnin á SMT-reglurnar, hrósa, hvetja og gefa þeim SMT-bros þegar tækifæri gafst. Flest börnin voru dugleg að tileinka sér dygðirnar og höfðu gaman að þeim fjölbreyttu verkefnum sem lögð voru fyrir. Sérstaklega höfðu þau gaman að því að gerast aðstoðarmenn í eldhúsinu og sýna þar hjálpssemi við ýmiskonar störf. Þegar leið á vorið og snjóa létti vorum við líka duglegri að fara út fyrir leikskólalóðina í göngutúra, strætóferðir o.fl.

Veturinn var í senn krefjandi en skemmtilegur. Börnin í hópnum eru misjafnlega stödd í þroska eins og gengur og gerist og úthald þeirra í verkefnavinnu misjafnt. Vinnufriður varð mun betri þegar sérkennari var með sérúrræði fyrir erfiðan einstakling.

Hópastarf barna fædd 2012

Kennari var Hólmfríður Þorgeirsdóttir og aðstoðarkennari Fanney Egilsdóttir. Í haust byrjuðu tíu börn, fjórir drengir og sex stúlkur, í hópastarfi en í desember bættist einn drengur við hópinn.

Markmiðin okkar fyrir veturinn voru að efla alhliða þroska barnanna, efla sjálfsmynd þeirra og efla sjálfsöryggi þeirra. Við unnum að þemaverkefniinu „Ég sjálfur og líkaminn minn“. Við lásum við bækur, sungum lög um líkamann og gerðum mörg skemmtileg verkefni sem við söfnuðum saman í ferilmöppur barnanna. Börnin voru mjög dugleg að læra vísur, syngja, dansa, og vinna með málörvun. Strax að hausti ákváðum við að vinna mikið með læsi. Við ýttum undir áhuga þeirra á bókum, lásum mikið fyrir þau, höfðum stafrófið sýnilegt og einnig lögðum við mikla áherslu á að þau lærðu að þekkja stafinn sinn og nafnið sitt. Við sýndum börnunum mikla umhyggju og höfðum gleði að leiðarljósi í öllum þeim verkefnum sem við unnum. Við gáfum þeim tækifæri til að vinna skapandi verkefni og gerðum þá okkar besta til að hrósa þeim og hvetja þau áfram.

Dygðakennslan okkar var svo fléttuð inn í allt starfið okkar með börnunum. Dygðirnar sem við unnum hvað mest með í vetur voru hjálpssemi, ábyrgð og glaðværð. Við tengdum dygðirnar við öll þau viðfangsefni sem við tókum fyrir, bækur sem við lásum, lög sem við sungum og í daglegum samskiptum við börnin.

Okkur fannst veturinn ganga mjög vel og höfðum við gaman af því að vinna með börnunum. Þau hafa öll þroskast mjög mikið á þessum vetri og í vorsamtölum höfðu foreldrar ekkert nema gott að segja um upplifun sína og barnanna í skólanum.

Sel:

Megin áhersla var lögð á lífsleikni, sú leið sem við förum til að auka með okkur lífsleikni er dygðakennsla. Unnið er með sammannlegar dygðir sem styrkja hið góða í hverjum einstaklingi. Lögð var áhersla á að tengja allt starf skólans þeim dygðum sem unnið var með. Kennarar nýttu sér með ágætum kennslufnið *Lífsleikni í leikskóla*, en að auki unnu þeir ýmis önnur verkefni sem tengdust dygðunum sem til umfjöllunar voru. Skráningar sem tengjast dygðunum voru gerðar.

Veturinn 2014 – 2015 voru tvær dygðir lagðar fyrir, á haustmisseri var unnið með dygðina kurteisi og á vormisseri var dygðin áreiðanleiki í hávegum höfð. Hver nemandi fór tvisvar yfir skólaárið heim með tuskudýr, þessi dýr eru talsmenn dygðanna. Dýrin voru í bakpoka og þeim fylgdi dagbók þar sem skráðir voru atburðir úr heimsóknunum. Tilgangur með heimsóknum þessum var að efla foreldra í dygðakennslunni og auka tengsl heimilis og skóla. Markmið okkar er að allt starf einkennist af þeirri dygð sem er til umfjöllunar hverju sinni. Þegar ný dygð er tekin fyrir má segja að hún bætist við þær dygðir sem áður hefur verið unnið með.

Unnið var í hópastarfi, þar sem húsnæði skólans var nýtt og deildir skiptu með sér rýmum. Einu sinni í viku hittust börn fædd 2010, annars vegar og börn fædd 2011 hins vegar og unnu saman ýmis verkefni. Tilgangurinn með því að vinna saman á þennan hátt með árganga er að geta valið verkefni sem hæfa aldri og þroska barnanna. Auk þess styrkjast tengsl barna og kennara þvert á deildir. Hið eiginlega hópastarf fyrir börn fædd 2010 og 2011 var tvo daga í viku og skiptust barnahóparnir þá á að vera í málrækt, rýmisgreind, hreyfingu og myndmennt.

Á yngstu deildinni, Trölladeild, voru í vetur börn fædd börn fædd 2012 og 2013. Þar er hópastarf tvisvar sinnum í viku, á miðvikudögum og fimmtudögum. Þá var unnið með fjóra þætti. Þeir eru tónlist, málörvun, könnunarleikur og fínhreyfingar. Hver og einn kennari skipulagði sitt hópastarf og var með hvern hóp í einn mánuð í senn. Á mánudögum fóru börnin til skiptis í listaland og í hreyfingu í sal. Þar fengu þau útrás fyrir sköpunargleði sína og höfðu gaman. Unnið var að fyrir fram ákveðnum verkefnum og í salnum voru ýmsir þættir þjálfaðir s.s. ganga, stökk, grípa bolta o.fl. Á þriðjudögum voru frjálsir dagar, gönguferðir, uppbot, s.s. val á leiksvæði o.fl. Á föstudögum voru líka frjálsir dagar.

Elsti árgangurinn var í skipulögðu starfi þrjá daga í viku, (sjá bls. 24). Mánudagar voru frjálsir dagar, en á föstudögum var ýmist stóra val, frjáls dagur eða sólargleði. Sólargleði er umbunarveisla í tengslum við SMT-skólafærni, sem er agastefna skólans. Misjafnt var í hverju umbunarveislan fólst, t.d. búningadegi, dótadegi, hattadegi, degi ljóss og skugga eða popkornsveislu, svo fátt eitt sé nefnt. Yfirleitt kusu nemendur um í hverju umbunargleðin fólst, það er liður í lýðræðislegu uppeldi að nemendur taki þátt í ákvarðanatöku og að sama skapi ætti þetta að þjálfa nemendur í að taka tillit til óska annarra. Innleiðsla/upprifjun SMT- skólafærni hófst að nýju í september og stóð fram í apríl.

Á yngstu deildinni var áhersla lögð á dygða- og þematengd verkefni í hópastarfi auk þess sem leikurinn var í hávegum hafður. Í leiknum læra nemendur nauðsyn þess að vinna saman, taka tillit hver til annars, læra samskiptareglur og að virða hver annan. Leikurinn felur í sér nám og af honum sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, athafnir og leikni.

Allir nemendur eiga möppu sem kölluð er *Leikskólabókin mín*. Þar er safnað saman ýmsu sem varðar skólagöngu nemenda, til dæmis frumsömdum sögum og ljóðum, listaverkum og skráningum.

Að auki var ýmislegt gert til að brjóta upp hinn hefðbundna skóladag, sem dæmi má nefna dótadag, búningadag, útidótadag, hjóladagar, hinn alþjóðlega bangsadag og náttfatadag.

Heimasíða skólans er nýtt til skráninga á starfinu. Þar eru settar inn myndir úr starfinu og aðrar upplýsingar sem það varða.

Mjög mikið skipulag er í skólanum sem helgast af því að heimastofur tveggja deilda eru frekar litlar og sameiginleg rými bæði í kjallara og sal er nýtt. Undanfarin ár höfum við fengið afnot af íþróttasal Síðuskóla þriðja hvern mánudag, það var skemmtileg viðbót við starfið, sem bæði kennarar og börn nutu vel. Því miður gátum við ekki nýtt salinn í vetur þar sem Naustaskóli þurfti að nota hann, en það er tímabundið og vonumst við svo sannarlega til að næsta skólaár fáum við hann aftur. Það sakna allir þessara ferða í Síðuskóla.

Sjá fylgiskjöl um skóladagatal 2014 – 2015 og dagskipulag deilda.

Þættirnir fjórir sem áhersla var lögð á í hópastarfinu:

Myndlist

Árgangar 2010 og 2011. Starfið í vetur einkenndist af sköpunargáfu og frumkvæði. Börnin voru hvött til að taka sínar eigin ákvarðanir við hvert listaverk og þau réðu alfarið hvernig það átti að koma út. Í fyrstu fengu börnin lítil og létt verkefni sem kröfðust ekki mikils tíma þar sem þau þurftu að vinna upp úthald og þolinmæði fyrir verkefnunum. En eftir því sem lengra leið á veturinn fengu þau meira ögrandi verkefni sem tóku jafnvel tvö skipti.

Fyrir áramót var gert stórt verkefni sem tengdist haustinu þar sem var notast við alls konar efni eins og hólka/pappadiska, bókplast, málningu, nál og tvinna og lauf. Eftir áramót var eitt stórt verkefni sem var unnið að og það var textílverkefni þar sem þau gerðu púða. Mikill tími og vinna var lögð í það að gera þessa púða og þau voru mjög ánægð þegar þau fengu loksins að fara með þá heim.

Svo voru fleiri minni verkefni sem unnið var að ein, fræðsla var í tengslum við hvert verkefni. Mest var notast við verðlaust efni og voru börnin frædd um hvaðan það kom og hvernig það hugsanlega var áður. Í önnur skipti var það fræðsla tengt verkefninu eins og t.d. norðurljós og sólarkerfið.

Ekki rötuðu öll listaverkin heim þegar börnin voru búin, en það er vegna þess að nokkrum verkum var haldið eftir fyrir vorhátíðina þar sem haldin var listasýningu sem innihélt nokkur af listaverkum þeirra. Var það jafnframt sölusýning.

Rýmisgreind

Árgangur 2010 og 2011 í fjórum hópum. Markmið með stundunum var að auka skilning barnanna á litum, formum, tölum, afstöðuhugtökum og stærðarhugtökum. Notaðar voru ólíkar leiðir til að nálgast verkefni. Leitast var við að kenna sem mest í gegnum leiki og þrautir af ýmsu tagi en einnig voru verkefni unnin við borð með litum, skærum og lími. Einnig voru hafðar til hliðsjónar dygðir vetrarins kurteisi fyrir ármót og áreiðanleiki eftir áramót.

Helstu áherslupættir voru:

- Litir og form
- Talning og tölustafir
- Afstöðuhugtök (s.s. stærri, minni, fyrir framan, fyrir aftan, innan í, utan um, ofan við, neðan við, hægri og vinstri)
- Magn og stærðarhugtök (s.s. jafnstórir, langur, stuttur, fæstir, flestir, hátt, lágt, þungur, léttur, breiður, grannur/mjór)
- Flokkun og pörun
- Speglun

Verkefni voru miðuð við aldur og geta barna í hverjum hópi fyrir sig.

Málrækt

Árgangur 2010 og 2011. Markmið málræktar var að auka málskilning barnanna, bæta við orðaforðann, æfa framburð og hlustun. Börnin kynntust bókstöfunum og hljóðvitund var æfð, þ.e. hvaða hljóð tengist hvaða staf. Unnið var með myndir og hvernig tengja má orð við þær. Í hverjum tíma var lesin stutt saga til að æfa hlustun, einbeitingu og orðskilning auk þess sem lesið var ljóð sem hóparnir höfðu veturinn til að læra. Einnig voru gerðar æfingar þar sem börnin þurftu að þekkja heiti lita, eigin afmælisdaga og nöfn foreldra sinna og systkina.

Sögugerð var höfð einu sinni á hvorri önn en þá fengu börnin tækifæri til að spinna sögur með hjálp sögugrunnsins. Þau völdu sér persónu, farartæki og hús og létu síðan sköpunargleðina ráða. Sögugerðin var einnig æfing til að læra uppbyggingu texta, þ.e. upphaf, meginmál og endi. Í vetur var unnið með spil og verkefni um rím, samsett orð, upphafsstafi orða og röðun bókstafa. Tæknin var líka nýtt með því að læra bókstafina með smáforritum í Ipad tölvu skólans. Í sumum tímum var farið með skemmtilegar vísur, farið í orðaleiki eins og t.d. að klappa samstöfur.

Í vetur lærðu börnin tvær dygðir í lífsleikninni, kurteisi á haustönn og áreiðanleika á vorönn og þær voru hafðar til hliðsjónar í hópastafinu. Eldri og yngri hópur fengu tengd verkefni en með mismunandi erfiðleikastigi eftir aldri. Þegar tími gafst var boðið upp á

frjálsan leik í lok tímans þar sem börnin fengu tækifæri til að leika við jafnaldra sína af báðum deildum.

Hreyfing

Árgangar 2010 og 2011. Börnin komu í skipulagðar hreyfistundir í sal aðra hvora viku ca. 1 klst og 15 mín. Allir tímar byrjuðu eins, börnin settust á mottur í hring á gólfinu, allir boðnir velkomnir, bolti látinn ganga, börnin sögðu nafnið sitt og köstuðu eða réttu boltann til næsta barns og sögðu: „Ég hlakka til að vera með þér í dag.“ Síðan vöktum við líkamann, byrjuðum á tám, iljum, ristum og færðum okkur upp eftir líkamanum. Stóðum á fætur og sungum Göngum göngum, Höfuð herðar hné og tær. Dönsuðum svo við tónlist, Hreyfa litla fingur og ýmsa barnadansa. Að þessu loknu var farið í þrautabraut og að henni lokinni hjálpuðust allir við að ganga frá. Þá var sest aftur á motturnar, spjallað um það sem við vorum búin að gera, hvað okkur þótti erfitt, létt, skemmtilegt eða leiðinlegt. Við gerðum léttar teygjuæfingar, fórum stundum í slökun og „smurðum samlokuna okkar“ með hollu og góðu álegggi. Boltinn svo látinn ganga og börnin sögðu: „Það var gaman að vera með þér í dag.“

Á haustönn var unnið með dygðina kurteisi og gátum við svo sannarlega tvinnuð það við hreyfistundirnar, þar sem kurteisi fellst m.a. í því að virða alla og getu þeirra, hjálpast að og að bíða eftir að röðin komi að manni.

Á vorönn var unnið með dygðina áreiðanleiki. Hún vafðist aðeins fyrir börnunum til að byrja með en við vorum dugleg að spjalla um hana og æfa okkur í að vera áreiðanleg.

Í september og október var lögð áhersla á líkamsvitund. Þá æfðum við okkur í að þekkja heiti líkamshluta.

Í október og nóvember var lögð áhersla á þol og styrk. Þá æfðum við okkur í ýmiskonar hlaupi, hoppum og stökkum.

Í nóvember og fram í desember var lögð áhersla á hugtaka- og rúmskilning. Þá æfðu börnin að sitja / standa við hliðina, vera fyrstur, síðastur, fyrir framan, fyrir aftan, fara undir og yfir o.s.frv.

Í janúar héldum við áfram með hugtaka- og rúmskilning og heiti líkamshluta.

Í febrúar æfðum við áreiðanleika, þol og úthald. Þá unnu börnin mikið tvö og tvö saman, héldu m.a. hvort öðru í hjólbörum, drógu hvort annað eftir gólfinu, köstuðu/spörkuðu bolta á milli og hlupu til skiptis yfir gólfið.

Í mars æfðum við áreiðanleika, þol og samþæfingu. Þá bjuggum við til keðju (leiddumst) pössuðum að hún slitnaði ekki. Fórum í kapphlaup, notuðumst við eigin líkamspýngd og ferðuðumst yfir gólfið með t.d. grjónapoka, bolta og mottur.

Í apríl og fram í maí æfðum við jafnvægi, takt og slökun. Við gengum eftir línu, yfir brú, lögðum mottur á höfuðið og pössuðum að hún dytti ekki. Við dönsuðum mikið og notuðum bæði tónlist af geisladisk og eins trommu og klapp. Slökuðum vel á í lokin og gerðum jógaæfingar.

Snillingastarf

Starfið með elstu börnunum okkar köllum við Snillingastarf. Pennan veturinn voru Snillingarnir 14 talsins. Ákveðið var halda breyttu skipulagi starfsins frá fyrra ári þ.e. að

hópurinn myndi hittast þrjá daga vikunnar, þriðjud-, miðvikud- og fimmtudaga. Þetta fyrirkomulag hefur verið að reynast vel og eru kennarar sammála um að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera.

Við vorum í samstarfi við nokkra aðila; Dvalarheimilið Hlíð, en þangað fórum við í sex heimsóknir þar sem ýmislegt var brallað saman, svo sem skorið út laufabrauð og farið í krullu. Einnig komu íbúar á Hlíð til okkar í heimsókn tvisvar sinnum, í notalega jólasamveru í desember og vorheimsókn í maí þar sem við spiluðum og áttum saman notalega kveðjustund. Einnig erum við í samstarfi við Síðuskóla en þangað fórum við fjórum sinnum í heimsókn og kynntumst skólafinu frá hinum ýmsu hliðum. Því samstarfi lauk svo með sameiginlegri nestisferð á leikvöllinn við Bugðusíðu 4. júní. Samstarf við Slökkviliðið hélt áfram þennan veturinn með verkefninu „Logi og Glóð“ sem slökkviliðið stendur fyrir. Þau komu til okkar í heimsókn í byrjun nóvember þar sem farið var yfir eldvarnir og nemendum leyft að skoða slökkvibílinn. Uppskeruhátíð verkefnisins var svo haldin í maí þar sem öllum elstu nemendum leikskóla Akureyrarbæjar var boðið á slökkvistöðina í þrautabraut, sull og grillaðar pylsur. Að auki fórum við í heimsókn á slökkvistöðina í mars þar sem tekið var vel á móti okkur að vanda. Farið var í margar fleiri vettvangsferðir svo sem Minjasafnið, Hof, Daglegt brauð, Listasafnið, Leikfangasafnið, Frystihúsið, Háskólann og fleira.

Í febrúar fóru Snillingar í fræðandi heimsókn á Amtsbókasafnið, þar voru þeim voru kynntir allir innviðir bókasafns og að bókasafn er meira en það sem við sjáum í hefðbundnum heimsóknum, ýmislegt áhugavert reynist í geymslum og hinum ýmsu skúmaskotum safnsins.

Hér heima var ýmislegt brallað. Nemendur unnu margskonar verkefni sem reyndu á úthald, einbeitingu, rökhugsun og fínhreyfingar. Einnig unnu þeir myndlistarverkefni ýmiskonar og fóru í hreyfingu bæði úti og inni. Börnunum voru kynntir bókstafir og tölustafir og unnið með þá á ýmsa vegu. Áfram var unnið með verkefni sem við köllum „sýna og segja frá“ og tókst það afar vel þennan vetur sem fyrri. Nemendur komu, eitt í einu, með hlut að heiman sem þeir völdu sjálfir og sögðu hinum frá hlutnum. Þarna sköpuðust miklar og skemmtilegar umræður ásamt því að skemmtilegar spurningar komu fram sem eigandi viðkomandi hlutar svaraði af mikilli snilli.

Í júní var svo farin útskriftarferð þar sem skundað var um bæinn í spennandi ratleik og ýmsar þrautir leystar á leiðinni. Ferðin endaði svo á Greifanum þar sem boðið var upp á pitsur og franskar sem runnu ljúflega niður í mannskapinn eftir skemmtilegan morgun. Útskrift snillinga fór fram á vorhátíð 9. júní, þetta var hátíðleg stund þar sem þrjúbúnir nemendur luku sinni leikskólagöngu formlega.

6.2. Að mæta ólíkum þörfum

Kot

Leikskólinn er með 1,25 % stöðu í sérkennslu þar af er 25% sérkennslustjóri. Síðasta ár voru tveir nemendur með greiningu, sérkennslustjóri og þroskaþjálfari sinntu börnunum, ýmist einstaklingslega eða í hópnum. Einnig förum við til skiptis með annað barnið til talmeinafræðings, iðjuþjálfara og sjúkráþjálfara. Lögð var áhersla á að fylgja börnunum eftir í öllum skipulögðum tímum, þ.e. hópastarfi, skólastarfi, málörvunartímum, hreyfingu, vettvangsferðum og í matartímum. Sérkennsla er fyrirbyggjandi, við tökum börn út úr sem okkur finnst á „gráa svæði“ í einstaklingsvinnustundir til að auka þroska þeirra. Einnig 4-5 börn í hóp í leikstundir til að efla félagsþroskann. Sérkennslustjóri var beðinn um ráðgjöf í hinum ýmsu málum, t.d. að sitja foreldrasamtöl og að aðstoða kennara á deildum vegna barna sem eru á „gráa svæðinu“. Sérkennslustjóri fékk sjö formlegar beiðnir frá deildarstjórum, hópstjórum og foreldrum varðandi nemendur sem áhyggjur voru af vegna ýmissa þroskafrávika. Unnið var markvisst með þessar beiðnir og málin sett í farveg ýmist til talmeinafræðings eða sálfræðings.

Leikskólaráðgjafi Fjölskyldudeildar er ráðgjafi okkar með hvernig málin þróast, situr fundi og er með ýmsar hugmyndir varðandi vinnu sérkennslumála. Engin sérkennsla var í gangi fyrir nemendur frá 1.júní – 31.ágúst. Sérkennslustjóri hélt þó sínum tímum til að sinna ýmsum málum sem í gangi voru. Hljóm-2 prófið kom nokkuð vel út en þó þurftu 1 nemendur eftirfylgni í málörvun bæði hér í skólanum, en einnig fengu foreldrar verkefni heim til að vinna með. Nokkur framför varð hjá nemandanum þegar prófið var endurtekið febrúar. Sérkennslustjóri er í samstarfi við Heilsugæsluna vegna 4 og 2,6 ára skoðanna, gekk það samstarf vel.

Sel

Frá hausti 2014 og fram að áramótum voru engin börn í skólanum með formlega greiningu en mál nokkurra barna voru í ferli, þrátt fyrir það voru að öllu jöfnu sex börn sem fengu einhvern stuðning. Þessi stuðningur eða aðstoð fólst meðal annars í eflingu félagslegra tengsla, málörvun, að takast á við óæskilega hegðun og námsstuðningi. Það voru sérkennslustjóri og kennarar þeirra deildar sem barnið var á sem sáu um þennan stuðning. Þessir mánuðir gengu ágætlega og nutu þessir einstöku nemendur góðs af því að hafa jákvæða og lausnarmiðaða kennara sér við hönd.

Um áramótin fékk skólinn fjóra sérkennslu tíma sem áttu að deilast niður á allar deildir eftir þörfum. Sérkennslustjóri skólans fékk þessa fjóra tíma og var það hans hlutverk, ásamt kennurum skólans, að meta hvar þörfin fyrir þá væri mest. Tímunum var raðað inn í dagskipulagið þannig að hægt var að fylgja eftir þeim nemendum sem þurftu á því að halda. Einnig sá sérkennslustjóri um að skipuleggja einstaklingsvinnustundir fyrir þau börn sem talið var að þyrftu á mestu aðstoðinni að halda.

Einstaklingsvinnustundirnar sáu síðan kennarar deildarinnar um ásamt sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri fékk sjö formlegar beiðnir frá deildarstjórum og foreldrum varðandi nemendur sem áhyggjur voru af vegna óæskilegrar hegðunar, gruns um frávik í þroska og/eða málþroskaraskana. Markvisst var unnið með þessar beiðnir og málin sett í farveg þar sem staðan var tekin jafnt og þétt yfir veturinn. Sérkennsluráðgjafi Fjölskyldudeildar var okkur mikið til aðstoðar varðandi fundarsetu, ráðgjöf og framgang allra sérkennslumála hér í húsi. Það voru fjórtán börn sem tóku Hljóm-2 prófið hjá okkur þetta árið og af þeim voru þrjú börn sem fengu markvissa málörvun hjá sérkennslustjóra. Þessir málörvunar tímar voru tvisvar í viku í um háftíma í senn. Síðasti málörvunartíminn var í lok janúar og tóku börnin prófið aftur í lok febrúar til byrjun mars. Nemendurnir þrír sýndu allir framför.

Samstarf okkar við HAK í tengslum við 2.5 árs og 4 ára skoðun barna gekk vel fyrir sig þetta árið og eigum við uppbyggileg samstarf við starfsfólk Ungbarnaverndar HAK.

Engin sérkennsla var í boði fyrir nemendur hér frá 1. júní – 31. ágúst. Sérkennslustjóri fékk þó 2 tíma á dag til að sinna því sem nauðsynlegast var talið varðandi þau mál sem í gangi eru.

6.3. Þróunar- og nýbreytnistarf

Lokið var við gerð nýrra starfsmannahandbóka fyrir sitt hvort hús og einnig var unnin upp frá grunni ný skólanámskrá sem byggir á nýrri aðalnámskrá frá 2011, er sú vinna enn í gangi en miðar vel. Gerð var jafnréttisáætlun fyrir skólann, sem samþykkt var af Jafnréttisstofu. Í Seli var meðvitað unnið að því að auka lýðræði í öllu skólastarfinu og að fara með barnahópnum í lausnaleit þegar upp komu verkefni sem finna þurfti lausnir á. Eitt af þeim verkefnum var að ráða bót á því þegar börnin biðu fullklædd eftir því að kennari væri tilbúinn að fara út með þeim. Kennarar snillinga (elstu barna) fóru yfir með börnunum hvað var erfitt og hvernig væri unnt að vinna bót á því, til urðu reglur sem settar voru upp á biðsvæði barnanna. Ein reglan er sú að snillingar fara út einir, á undan kennara og höfðað er til áreiðanleika þeirra, sem er dygðin sem unnið var með á vorönn. Að auki má segja að ýmsar smærri breytingar hafi átt sér stað, til að mynda var tekin upp sú nýbreytni að börnin færu í útiveru að nónhressingu lokinni og væri þá skilað úti.

6.4. Skipulags- og námskeiðsdagar

Starfsmenn sóttu námskeiðið *Samskipti og liðsheild* hjá Jóhanni Inga Gunnarssyni sálfræðingi laugardaginn 27. september, frá kl. 10:00 – 15:00. Í staðinn var skólinn lokaður föstudaginn 2. janúar 2015.

Skipulagsdagur var föstudaginn 3. október, fyrir hádegi var sameiginlegur fundur, þar sem verkefni vetrarins voru skipulögð og farið yfir fagmál af ýmsu tagi. Eftir hádegi var tiltekt í húsunum.

Á vorönn 2015 voru skipulagsdagar 22. apríl og 26. maí, var dögnum skipt upp á þann veg að annars vegar fór hálfur dagur í deildar- og starfsmannafundi og hins vegar hálfur

dagur sem við vörðum með Rannveigu Oddsdóttur og Helgu Rún Traustadóttur sérfræðingum frá Miðstöð skólapróunar H.A., þar sem þær leiddu áfram vinnu við skólanámskrána.

6.5. Endur- og símenntun

Skólastýra

Skólastýra situr í stýrihóp fyrir lærdómssamfélagið, hugmyndafræði sem skólasamfélag leik- og grunnskóla akureyrar hefur innleitt. Í þeim hópi eru fundir um það bil mánaðarlega .

Sameiginlegir fundir skólastjóra leikskóla vegna lærdómssamfélags um það bil mánaðarlega

Október. SAP tips n´trix

Október. Launavinnsla

OktóberHvatning og starfsánægja

Nóvember. Starfsdagur stjórnenda

Janúar. Námskeið í One Note

Febrúar. Ráðningarferli hjá Akureyrarbæ

Mars. Heilsueflandi stjórnun

Apríl. Tímabundnar ráðningar hjá Akureyrarbæ

Apríl. Dálkalistar

Apríl. Fræðsla um hlutaveikindi

Mái. Starfsdagur stjórnenda.

Kot

Sérkennslustjóri

27. október IPAD námskeið á vegum Símeypjar

26. nóvember APES námskeið á vegum Fjölskyldudeildar

26. febrúar Bitsboard námskeið

25. mars Námskeið í fyrstu hjálp á vegum Rauða Krossins

Deildarstjóri

18. mars. Námskeið í fyrstu hjálp á vegum Rauða Krossins (Gerða)

Kennarar

25. september SMT fræðsla á vegum Skóladeildar (Hólmfríður)

22. október Nýliðafræðsla á vegum Akureyrarbæjar (Hólmfríður)

27. - 28. nóvember, 21. – 22. janúar, 24. febrúar og 20. mars PMTO

Grunnmenntunarnámskeið (Eydís)

26. febrúar Bitsboard námskeið (Eydís)

18. mars Námskeið í fyrstu hjálp á vegum Rauða Krossins (Hólmfríður)

Þroskaþjálfari

29. september SMT fræðsla á vegum Skóladeildar (Jóhanna)

Leiðbeinendur

25. september SMT fræðsla á vegum Skóladeildar (Fanney)

4. desember Nýliðafræðsla á vegum Akureyrarbæjar (Valborg)

Seli

Aðstoðarskólalastjóri

26. nóvember sótti aðstoðarskólalastjóri námskeið um málsmeðferð réttarkerfisins í málum um kynferðisbrot gegn börnum. Námskeiðið var haldið á lögreglustöðinni og sátu það ýmsir aðilar sem efnið snertir og koma að vinnu við það.

Lærdómssamfélagið er þriggja klst. námskeið/fundir sem haldnir voru að jafnaði einu sinni í mánuði frá áramótum og fram til 12. júní. Þessa fundi sitja stjórnendur og mætti aðstoðarskólalastjóri í Seli á þá fundi.

Sérkennslustóri

Sérkennslustjóri sótti grunnmenntun í SMT-skólafærni, dagsetningar voru eftirfarandi: 27. og 28. nóvember, 21. og 22. janúar, 24. febrúar og 20. mars. Þann dag var einnig útskrift.

Sérkennslustjóri fór á tveggja daga námskeið í Apes, sem er matstæki fyrir þroska barna.

Að auki hittust þeir sem námskeiðið sátu þrisvar sinnum, u.þ.b. eina klst. í senn.

Bitsboard námskeið frá kl. 14:00 -17:00, eitt skipti.

Trúnaðarmaður FL

Trúnaðarmaður leikskólakennara sótti námskeið 16. október frá kl. 9:00 – 15:00 og sat einnig tveggja klst. fund 13. febrúar. Einn trúnaðarmaður er fyrir báðar starfsstöðvar og er sá kennari í Seli.

Deildarstjórar

Einn deildarstjóri fór á 4 klst. almennt námskeið á vegum Rauða krossins 18. mars.

Tveir deildarstjórar í Hulduheimum tóku að sér að kenna á Nýliðanámskeiðum á vegum SMT-agastefnunnar í sex skipti, 1 ½ klst. í hvert skipti.

Kennarar

Þrjú kennarar sóttu nýliðafræðslu Akureyrarbæjar 22. október, kl. 12:30 – 16:00

Fjórir kennarar fóru 4 klst. almennt námskeið hjá Rauða krossinum dagana 18. og 19. mars.

6.6. Ferðir, menningarviðburðir árið 2013 – 2014

September

Kot

18. september skreyttu afmælisbörn september mánaðar kökuna sína og buðu til veislu.
29. september héldum við upp á afmæli Hulduheima. Börnunum var boðið upp á popp og ávaxtasafa í tilefni dagsins og starfsfólki var boðið upp á afmæliskringlu.

Sel

Haldið var upp á tveggja ára afmæli Hulduheima mánudaginn 29. september þar sem afmæli skólans bar upp á sunnudag. Af því tilefni var bökuð skúffukaka og einnig var slegið upp dansleik í salnum.

Október

Kot

7. október heimsóttu slökkviliðsmenn elstu börnin og kynnti þeim fyrir Loga og Glóð.
15. október skreyttu afmælisbörn mánaðarins kökuna sína og buðu til veislu.
24. október var vetrarkaffistund að morgni.
27. október var alþjóðlegur bangsadagur

Sel

7. október fóru Snillingar í vettvangsferð í lðjulund.
8. október heimsóttu slökkviliðsmenn Snillinga með verkefnið Logi og Glóð.
Náttfatadagur var 8. október, það var í tilefni af sólargleði.
Snillingar heimsóttu vini sína á Hlíð 28. október.
Í tilefni af alþjóðlega bangsadeginu var bangsadagur 30. október, bangsar barnanna mættu með eigendum sínum í Sel þennan dag.
Afa- og ömmukaffi var í Seli föstudaginn 31. október, og höfðu börnin bakað fyrr í vikunni.

Nóvember

Kot

7. nóvember voru feðradagskort send heim með börnunum.
14. nóvember skreyttu afmælisbörn mánaðarins kökuna sína og buðu til veislu.
18. nóvember var vinastund í tilefni af umfjöllun okkar um dygðina hjálpsemi.

Sel

Föstudaginn 14. nóvember var búningadagur, þann sama dag komu nemendur 4. bekkjar í Síðuskóla og lásu fyrir börnin.
Snillingar fóru á Minjasafnið 19. nóvember og skoðuðu þar sýningu um bæinn okkar.
Allir hittust í vinastund í sal 24. nóvember, þar léku kennarar, við mikinn fögnuð, leikrit um Snuðru og Tuðru er þær fóru í strætó.
Spil- og púslvika var í skólanum frá 24. – 28. nóvember, þá gátu börnin komið með púsl og spil af heiman ef þau kusu það.

Snillingar fóru í laufabrauðsgerð til vina sinna á Hlíð.

Vasaljósadagur var í Seli 18. nóvember, börnin tóku vasaljós með í skólann og leikið var með ljós og skugga.

Börnin bökuðu piparkökur 26. nóvember.

Desember

Kot

1. desember jólaverkstæði hófst og stóð til 15. desember
5. desember var jólastund með afa og ömmu sem skreyttu með börnunum piparkökur
8. desember komu nemendur úr fyrsta bekk Glerárskóla og drukku með okkur kakó
12. desember var jólamatur
15. desember var jólatréð skreytt
16. desember heimsótti djákninn úr Glerárkirkju okkur og var með aðventustund
17. desember fóru þrír elstu árgangar skólans í jólakakóferð á Bautann
18. desember var jólaballið haldið
19. desember var dekurdagur þar sem börnunum var boðið í fótabað, handsnyrtingu, nudd og fleira.

Sel

Jólafondur var fyrir börn og foreldrar 2. desember frá kl. 8:45 – 10:15, settar voru upp stöðvar á deildum og veitingar voru í sal skólans. Þetta þótti gott fyrirkomulag, mæting var mjög góð og allir sáttir.

Fyrstu bekkingar Síðuskóla heimsóttu Snillinga 4. desember, jólasamvera með smákökum og kakói.

10. desember fóru börn af eldri deildum í jólastund í Glerárkirkju, en fyrirhuguð ferð barna af Trölladeild var felld niður vegna slæms veðurs og ófærðar.

Fyrirhuguð kakóferð sem fara átti í út í rökkrið var felld niður vegna óhagstæðra veðurskilyrða, en þess í stað var kaffihús í salnum föstudaginn 12. desember, boðið var upp á kakó og smákökur. Þann sama dag var jólasveinahúfudagur.

Litlu jólin voru haldin með hefðbundnum hætti í skólanum 16. desember.

Heimilisfólk í Hlíð heimsóttu Snillinga 15. desember, boðið var upp á veitingar og jólalögin sungin.

Janúar

Kot

16. janúar skreyttu afmælisbörn mánaðarins kökuna sína og buðu til veislu.
23. janúar var pabba- og afakaffistund að morgni.

Sel

Að venju voru jólin kvödd hin 6. janúar með dansi kringum jólatréð í sal.

16. janúar fóru Snillingar í íþróttir í Síðuskóla með 1. bekkingum.

Börnin buðu karlmönnum úr sinni fjölskyldu í morgunhressingu 23. janúar í tilefni bóndadags, þau bökuðu fyrr í vikunni.

27. janúar heimsóttu Snillingar vini sína á Hlíð.

Febrúar

Kot

2. – 6. febrúar var tannverndarvika.

5. febrúar var fyrsti danskenslutíminn af átta skiptum.

6. febrúar á degi leikskólans var foreldrum boðið í heimsókn að fylgjast með starfinu.

11. febrúar kom bókasafnsbangsinn í heimsókn og las fyrir börnin sögu.

12. febrúar var þorablótið.

Sel

2. – 6. febrúar var tannverndarvika. Börnin unnu ýmis verkefni um tennur. Snillingar gerðu tilraun og heimsóttu tannlæknastofu.

Fjölskyldudagur var á *Degi leikskólans* 6. febrúar. Þann dag var fjölskyldum barnanna boðið að koma og taka þátt í hópastarfinu. Mjög góð mæting var og komu gestir til nánast allra barna. Mikil sátt var með þennan dag hjá börnum, foreldrum og kennurum. Þorablót var haldið í skólanum 11. febrúar, sungin þorralög og börnin gerðu sér þorakórónur. Einnig var boðið upp á hefðbundinn þorramat af hlaðborði í sal. Var þessi háttur, að vanda, vinsæll hjá börnunum.

Snillingum var boðið á generalprufu fyrir árshátíð Síðuskóla 11. febrúar.

Snillingar fóru á Amtsbókasafnið 12. febrúar.

13. febrúar kom bangsi frá Amtsbókasafninu í heimsókn, fór á hverja deild og las fyrir börnin sem voru heilluð af hinum vinsamlega bangsa.

Á bolludag voru bollur borðaðar bæði í hádegi og síðdegishressingu og saltkjöt og baunir á sprengidag. Á öskudag var að vanda mikið fjör þar sem allir, stórir og smáir, mættu í búningum, dönsuðu í salnum og enduðu á að slá köttinn úr tunnunni.

Danskensla, sem var í boði foreldrafélagsins, hófst þriðjudaginn 17. febrúar og var í sex skipti. Í síðasta skipti var foreldrum boðið að koma og vera með. Mjög góð mæting var og mikil hrifning með þetta framtak hjá bæði börnum og foreldrum.

23. febrúar buðu börn konum úr fjölskyldum sínum í morgunhressingu í tilefni konudags. Þau höfðu bakað áður fyrir tilefnið.

25. febrúar fóru Snillingar í heimsókn á Hlíð og 26. febrúar heimsóttu þau Daglegt brauð.

Mars

Kot

3. mars var vinastund í tilefni af umfjöllun okkar um dygðina ábyrgð.

18. mars skreyttu afmælisbörn mánaðarins kökuna sína og buðu til veislu.

23. mars hófst páskaverkstæðið og stóð til 1. apríl.

Sel

5. mars fóru Snillingar í kennslustund til 1. bekkjar í Síðuskóla.

Snillingum var boðið á slökkvistöðina 12. mars.

Rugludagur var 9. mars, þann dag rugluðum við í ýmsu og var hlutum gjarnan snúið á hvolf.

19. mars fóru Snillingar í skoðunarferð í Hof.

Apríl

Kot

17. apríl skreyttu afmælisbörn mánaðarsins kökuna sína og buðu til veislu.

21. apríl var sumarkaffistund að morgni.

Sel

Snillingar heimsóttu vini sína á Hlíð 1. apríl.

Maí

Kot

8. maí voru mæðradagskort send heim með börnunum.

8. maí var farið í sveitaferð.

12. maí fóru elstu börn skólans á slökkvistöðina og tóku þátt í hátíðahöldum vegna verkefnisins um Loga og Glóð.

19. maí var vinastund í tilefni af umfjöllun okkar um dygðina glaðværð.

29. maí skreyttu afmælisbörn mánaðarins kökuna sína og buðu til veislu.

Sel

5. maí fengu Snillingar vinaheimsókn frá Hlíð.

Föstudaginn 8. maí var farið í sveitaferð, að þessu sinni heimsóttum við bændur á Kristnesi. Rútur óku börnum og kennurum í sveitina en foreldrum var boðið að koma með á eigin bílum. Mjög góð mæting var meðal foreldra og ánægja meðal allra enda ákaflega vel tekið á móti okkur. Kalt var í veðri og því brugðið á það ráð að í stað þess að nesta mannskapinn, var haldið fyrir heim í skólann og þar boðið upp á kakó og kringlur.

Börnum og kennurum í Snillingastarfi var boðið í heimsókn á slökkvistöðina 12. maí, það er á vegum verkefnisins um *Loga og Glóð*.

Snillingum var boðið í heimsókn í frystihús Samherja 13. maí.

Árgangar 2010 og 2011 heimsóttu Listasafnið, Ketilhús 19. maí og fengu leiðsögn um sýninguna Sköpun bernskunnar og Snillingar fóru á sýninguna 28. maí.

Snillingum var boðið í heimsókn á Leikfangasafnið 22. maí.

Júní

Kot

8. – 12. júní var steinavika.

10. júní var vorhátíð og elstu börnin útskrifuð.

16. júní var skrúðganga um hverfið.

22. – 26. júní var umferðarvika.

24. júní skreyttu afmælisbörn mánaðarins kökuna sína og buðu til veislu.

Júní - ágúst

Sel

Vorhátíð var áætluð 2. júní en vegna slæms veðursútlits var henni frestað til 9. júní. Þann dag var útskrift Snillinga, börnin sungu fyrir gesti, útbúin var þrautabraut, boðið upp á andlitsmálningu og fulltrúar foreldra sáu um að grilla ofan í mannskapinn og afgreiða pylsur og drykki, með aðstoð kennara. Tekin var upp sú nýbreytni að hafa listaverk eftir börnin til sölu, ágóðinn fór í svokallaðan sumarsjóð. Með því móti gátum við gert eitthvað smálegt fyrir börnin, sem kostar ekki mikið en þó eitthvað, eins og t.d. að kaupa okkur ís.

16. júní var blár, hvítur og rauður dagur, fánar voru málaðar í kinnar barnanna, tjöld sett upp á lóð skólans og ís í boði.

Í júnímánuði voru hjóladagar í skólanum, hver deild var með einn dag og komu börnin með hjól og hjálma að heiman.

Föstudaginn 26. júní, síðasta dag fyrir sumarlokun, var boðið upp á andlits málun og leiki í sumarblíðu.

Ágúst

Kot

10. – 14. ágúst var skordýravika.

19. ágúst skreyttu afmælisbörn mánaðarins kökuna sína og buðu til veislu.

24. – 28. ágúst var fuglavika.

Aðrir viðburðir

Kot

Kot tók þátt í sýningu á vegum Listasafns Akureyrar, *Sköpun bernskunnar*. Fyrir sýninguna saumuðu börnin í veggteppi sem var til sýnis ásamt verkum annarra leikskólabarna og listamanna sem starfa á Akureyri. Með reglulegu millibili, 1 -2 í mánuði, voru uppkomudagar sem STM umbun. Þegar brosbarna ormurinn fylltist gátu börnin valið á milli 3 – 4 valkosta með handauppréttingu. Valkostirnir voru t.d. náttfatadagur, bókadagur, útidótadagur, rugludagur ofl.

Vinastundir fóru fram í lok umfjöllunar um hverja dygð. Kennarar og börn hittust í sal og áttu saman góða stund þar sem fjallað var um dygðina og sungnir söngvar. Kennarar voru með stutta leikþætti sem tengdust hverri dygð við góðar undirtektir barnanna. Í lok

stundanna höfðu barnahóparnir, til skiptis, umsjón með því að bera fram léttar veitingar, ávexti, poppkorn eða saltstangir.

Sel

Skólinn tók þátt í verkefni/sýningu á vegum Listasafnsins á Akureyri sem bar heitið *Sköpun bernskunnar* og stoltur skólastjóri skilaði til safnsins fjölbreyttum listaverkum frá börnum skólans. Sýning þessi samanstóð af verkum barna og listamanna sem starfa á Akureyri.

Eins og fram er komið í kafla um viðburði í febrúar kostaði foreldrafélagið danskennslu sem var í skólanum á vorönn.

Eldri deildirnar tvær buðu börnum upp á að koma með óskir um hvað gert yrði til tilbreytingar yfir sumartímann, á annarri deildinni var sett upp óskatré, á það hengdu börnin orðsendingar með óskum sínum, á hinni deildinni voru óskastjörnur sendar heim og þær hengdar upp á vegg þegar þær höfðu útfylltar. Svo rættust þessar óskir hver af annarri við mikinn fögnuð.

Börn og kennarar hittust í vinasöng í sal skólans einu sinni í mánuði yfir veturinn, deildir skiptu með sér að hafa umsjón með vinasöngnum. Í vinastund léku kennarar leikrit um Snuðru og Tuðru, þegar þær fóru ásamt móður sinni í strætó og gengu fram af samferðafólki sínu og bílstjóra með ókurteisi.

Sólargleði var haldin nokkrum sinnum yfir veturinn en það er umbunarveisla SMT-agastefnunnar.

6.7. Öryggismál

Slys sem áttu sér stað í leikskólanum voru skráð. Starfsmaður frá Heilbrigðiseftirlitinu, Þórey Agnarsdóttir, kemur hér á hverju ári og tekur út aðbúnað barnanna, leikskólalóðina og húsnæðið, ásamt að sinna eftirliti með eldhúsinu. Í september 2014 voru öll slökkvitæki beggja húsa yfirfarin. Í tengslum við verkefnið *Logi og Glóð*, sem er á vegum Slökkviliðsins, hafa elstu börn skólans það hlutverk að skoða hvort brunavarnir í skólanum séu í lagi. Tvö börn gengu um húsnæði beggja starfsstöðva með reglulegu millibili, ásamt kennurum sem sáu um þetta verkefni.

Í hvorugu húsinu fóru fram eldvarnaræfingar þetta árið, bætum úr því á næsta skólaári.

Starfsmaður Eldvarnareftirlits kom og gerði úttekt í september.

Í byrjun júní var brunakerfið yfirfarið.

7. Foreldrasamstarf

7.1. Foreldraráð

Eitt foreldraráð er starfandi fyrir bæði hús og er það skipað þremur fulltrúum, tveimur úr Seli og einum úr Koti. Samskipti foreldraráðs og skólastjóra voru að mestu í formi tölvusamskipta.

7.2. Foreldrafélag

Kot

Foreldrafélag Kots fundaði ekki skipulega, frekar eftir þörfum og verkefnum. Tengiliður við félagið var leikskólastjóri sem sat fundi og miðlaði upplýsingum. Félagið hafði umsjón með kaupum á jólagjöfum til barnanna og sá um að fá jólasvein í heimsókn. Einnig keyptu það þjónustu danskennara eins og áður hefur komið fram og sá um vorhátíð Kots.

Sel

Foreldrafélag Sels fundaði ekki reglulega þetta starfsár heldur var fundað eftir þörfum. Foreldrafélagið gaf börnunum jólapakka sem jólasveinar afhentu þeim á litlu jólum skólans. Einnig bauð félagið upp á leiksýningu. Milli jóla og nýárs var foreldrafélagið með jólaball í Síðuskóla. Vorhátíðin í Seli er samvinnuverkefni leikskólans og foreldrafélagsins.

7.3. Foreldrafundir

Aðalfundur Kots var 2. október og aðalfundur Sels 17. október. Á þeim fundum voru venjuleg aðalfundarstörf, kosið í stjórnir, skýrslur formanns og gjaldkera.

7.4. Foreldrasamtöl – upplýsingastreymi

Kot

Að hausti voru haldnir kynningarfundir fyrir foreldra þar sem farið var yfir starf og áherslur komandi vetrar. Foreldrasamtöl fóru fram í mars- og apríl mánuði. Að auki var foreldrum boðið upp á spjall ef á þurfti að halda.

Sel

Foreldrar barna sem hófu leikskólagöngu í Seli fengu sendan tölvupóst með helstu upplýsingum áður en þeir mættu á kynningarfund um skólann. Kennarar fengu foreldra einnig í einkasamtal áður en aðlögun, sem er þátttökuaðlögun, hófst. Eftir u.þ.b. þrjá mánuði frá upphafi leikskólagöngu voru foreldrar boðaðir í samtál, þar sem farið var yfir hvernig hafði gengið frá því að barnið hóf leikskólagöngu sína. Í Seli voru hin árlegu samtöl við foreldra tekin í marsmánuði.

Á báðum starfsstöðvum var send út mánaðarleg námskrá, ásamt fréttum og heimasíðan, sem er sameiginleg, var einnig virk.

8. Samstarf, fræðsla, ráðgjöf

8.1. Skóladeild – leikskólafulltrúi – leikskólaráðgjafi

Leikskólastjóri sótti samráðsfundi ásamt öðrum leikskólastjórum á Akureyri og nágrenni, leikskólafulltrúi skipulagði þessa fundi og bar ábyrgð á þeim. Leikskólafulltrúi hefur

yfirumsjón með rekstri og starfi leikskóla. Leikskólaráðgjafi á Skóladeild kom út í skólana og tók viðtöl og lagði fyrir deildarstjóra spurningarlista sem snéru að læsisstefnunni.

8.2. Sérfræðipjónusta leikskólans

Sérkennslustjórar sóttu fræðslufundi á Fjölskyldudeild á vegum Elvu Haraldsdóttur sérkennsluráðgjafa. Voru þessir fundir haldnir nokkrum sinnum yfir veturinn fyrir alla sérkennslustjóra í leikskólum Akureyrarbæjar og nágrennis. Þeir reyndust sem fyrr, fræðandi og vel skipulagðir.

Sjá kafla 6.2, að mæta ólíkum þörfum

Við fengum góða aðstoð frá Miðstöð skólaþróunar HA vegna vinnu við nýja skólanámskrá.

8.3. Samstarf við menntastofnanir og aðra

Í mars komu fjórir nemar úr MA í sitt hvort húsið í tvö skipti í u.þ.b. 3 klst. í senn.

Markmiðið með heimsókn þeirra var að kynnst starfsemi leikskólanna.

Kot:

Á haustönn var einn 5. árs leikskólakennaranemi frá HA í skólanum í 10 vikur.

Sel:

Tveir nemendur úr 8. bekk Síðuskóla voru hjá okkur einu sinni í viku, 2 klst. í senn í 8 vikur. Var þetta hluti af vali nemenda.

Fjórir unglingar á vegum unglingavinnu Akureyrarbæjar voru í vinnu í Seli.

8.4. Samstarf við grunnskóla

Kot á í formlegu samstarfi við Glerárskóla. Með samstarfinu er leitast við að auðvelda börnunum umskiptin frá leikskóla yfir í grunnskóla þannig að þau þekki þær aðstæður sem skólinn býður upp á. Kennarar funda a.m.k. einu sinni yfir skólaárið þar sem rætt er um samstarfið.

Elstu börnin fara fimm sinnum í heimsókn í Glerárskóla yfir skólaárið. Þar fá þau að taka þátt í frímínútum, skoða húsakynni, taka þátt í kennslustund með 1. bekk, þau fara í íþróttatíma og taka þátt í útileikjum á skólalóðinni að vori.

Fyrstu bekkingar koma sömuleiðis í heimsókn í leikskólann til okkar. Þau leika með okkur á útileiksvæðinu og við bjóðum þeim í kakó og piparkökur í desember.

Þann 16. nóvember komu þrjú unglingar frá Glerárskóla og lásu sögu fyrir börnin í tilefni af degi íslenskrar tungu.

Sel á í formlegu samstarfi við Síðuskóla. Tilgangur samstarfsins er að auka tengsl leik- og grunnskóla og auðvelda leikskólabörnum að taka skrefin yfir í grunnskólann.

Snillingar fóru nokkrum sinnum í Síðuskóla þar sem börnin skoðuðu skólann, tóku þátt í frímínútum, fóru í kennslustund og leikfimi, var boðið á generalpurfu fyrir árshátíðina og áttu svo saman skemmtilegan útileikjadag í byrjun júní.

Börn úr Síðuskóla komu tvívegis í Hulduheima, Sel, 4. bekkur kom og las fyrir okkur í tilefni af Degi Íslenskrar tungu og svo kom 1. bekkur í kakó og smákökur í desember.

8.5. Annað samstarf, fræðsla eða ráðgjöf

Hulduheimar fékk, eins og áður er fram komið, ráðgjöf frá Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri.

Skólinn var í samstarfi við Huldu Steingrímsdóttur náms- og starfsráðgjafa hjá Atvinnu með stuðningi. Tveir starfsmenn frá þeirri deild hafa verið hjá okkur, annar í 5 klst. daglega og hefur verið í nokkur ár og hinn hefur verið frá hausti 2014 í 3 klst. daglega til sumarlokunar skólans 26. júní 2015.

Skólinn á þess kost að njóta þjónustu túlka vegna foreldrasamtala v/barna sem eiga erlenda foreldra.

9. Mat og umbóta- eða þróunarstarf

9.1. Innra mat

Proskamat er gert á hverju barni ár hvert. Mat á dygðakennslunni er einnig gert á hverju ári í báðum húsum en með ólíkum hætti.

Hljóm-2 er skimunarpróf í leikjaformi þar sem gerð er athugun á hljóðkerfisvitund leikskólabarna. Prófið var lagt fyrir öll börn í elsta árgangi leikskólans. Prófið var endurtekið í febrúar hjá þeim börnum sem komu ekki nægilega vel út um haustið. Sjá nánar í kafla 6.3.

SMT-skólafærni

Í lok nóvember var SET listinn lagður fyrir en hann mælir árangur SMT í leikskólanum. Tveir leikskólakennarar frá öðrum SMT skólum bæjarins komu á hvora starfstöð og skoðuðu uppsetningu á reglum og könnuðu vitneskju barnanna og kennara á SMT. Niðurstaðan var mjög góð og mælingin sýndi að kennarar eru að vinna mjög vel með agastefnuna og skilar hún sér vel til barnanna.

Kot

Mat á líðan og þroska barnanna var gert tvisvar sinnum á skólaárinu, seint að hausti og aftur að vori. Foreldrar voru boðaðir í samtal þar sem farið var yfir matið. Í þessum foreldrasamtölum var einnig gert óformlegt mat á starfsemi leikskólans, foreldrar m.a. spurðir út í starfið, hvað þeim fyndist vel gert og hvað betur mætti fara. Þessa punkta nýtti starfsfólkið til að efla starfið enn frekar.

Um áramót mátu hópstjórar hópastarf haustannar, fóru yfir markmiðin sín, hvað betur mætti fara og hvað hefði gengið vel. Þessir punktar voru notaðir sem viðmið fyrir starf vorannar.

Sel

Mat á líðan og þroska barnanna var gert einu sinni á skólaárinu, foreldrar voru boðaðir í samtal þar sem farið var yfir þroska barnanna auk þess að ræða ýmsa aðra þætti er snérust um leikskólagöngu barnsins.

Breytingar voru gerðar á hópastarfi eftir umræður á starfsmannafundi. Mjög oft erum við þannig að breyta og bæta starfið og rýna í hvað betur má fara og leita lausna.

9.2. Ytra mat

Starfsmaður frá heilbrigðiseftirlitinu kemur á hverju ári og tekur út aðbúnað barnanna, leikskólalóðir og húsnæði, ásamt að sinna eftirliti með eldhúsum.

Martha frá Eldvarnareftirlitinu kom í september vegna úttektar um brunavarnir.

Fasteignafélagið sér um úttekt á lóð.

Foreldra og starfsmannakönnun Skólapúlsins var framkvæmd á vorönn sem og foreldra og starfsmannakönnun skóladeildar.

10. Lokaorð

Síðasta skólaár var viðburðaríkt og skemmtilegt, margt nýtt að læra fyrir nýja skólastýru. Þrátt fyrir ólíka menningu skólanna tveggja eiga þeir það sameiginlegt að starfsmannahópin einkennir samheldni, hjálpsemi og áhersla á að hafa gaman í vinnunni. Þessir þættir eru gríðarlega mikilvægir og gera leikskólastarfið, sem er mjög erfitt, mun léttara og skemmtilegra. Nokkrar breytingar hafa átt sér stað eins og gerist þegar nýr stjórnandi tekur til starfa.

Það er tilfinning okkar í Hulduheimum að loks sé starfsemin að komast í fastar skorður og að við höfum komist að niðurstöðu um hvernig við viljum vinna, bæði sem ein heild, en ekki síður sem tvær ólíkar starfsstöðvar. Starfsmannahóparnir hittast í sameiginlegri fræðslu og og á starfsmannafundum og skipulagsdögum þegar verið er að ræða mál sem snerta báða skólana. Góð liðsheild er í báðum skólum og vegna samstarfsins á milli staða er starfsfólk farið að þekkja nokkuð vel. Töluverðar vangaveltur höfðu verið hjá starfsmönnum um frekari samræmingu á vinnulagi skólanna. Í dag er fólk sátt við að skólarnir séu tveir með eina skólastýru sem fer á milli staða fjóra daga vikunnar svo sýnileikinn sé meiri.

Mannaráðningar fyrir komandi vetur gengu vel og við bindum miklar vonir við að hafa fengið til liðs við sterkan starfsmannahóp kraftmikla og jákvæða kennara.

Fylgiskjöl

Skóladagatal Kot 2014 – 2015

Skóladagatal Sel 2014 – 2015

Nýting á skólatíma

Dagskipulag Kots

Dagskipulag Álfadeildar

Dagskipulag Dvergadeildar

Dagskipulag Trölladeildar

SMT- skólafærni, áætlun frá Koti og Seli